

MARKAÐURINN



Forsendur fyrir hækkun

Öll fasteignafélögin í Kauphöllinni gætu hækkað í verði, samkvæmt nýju verðmati Capacent. Sérfræðingur telur að upplýsingar um Regin mættu vera betri og skráning Eikar hafi verið ótímabær. **4**

FRÉTTIR




Allt í hers höndum hjá ABC Formaður ABC barnahjálpar í Kenía segir ástand í skóla samtakanna í Naírobí skelfilegt. **2**

Forstjórinn var sýknaður Átta ummæli forstjóra Barnaverndarstofu um Götusmiðjuna voru ekki dæmd dauð og ómerk. **4**

Gufa frá Hverahlíð dugar ekki til Orka náttúrunnar borar nýja vinnsluholu fyrir Helliðsvirkjun til að halda uppi framleiðslu. **6**

Neyð vegna hitabylgjunnar Hitabylgjan í Pakistan hefur kostað hundruð manna lífið. Rafmagnsleysi gerir illt verra. **8**

Smábátasjómenn eru ósáttir Samkvæmt frumvarpi sjávarútvegsráðherra um maktirklvóta fengju 23 bátar innan við tíu kílóa kvóta. **10**



2 SÉRBLÖÐ Markaðurinn | Fólk



FAGNAÐ MEÐ VÖFFLUM Eins og venjulega voru bakaðar vöffur eftir að skrifað var undir samninga. Liðsmenn samninga-nefnda gæddu sér á en Bryndís Ísfold Hlökkversdóttir ríkissáttasemjari, fyrir miðju, fylgist með.

Samið um tuttugu prósenta hækkun

Hjúkrunarfræðingar skrifuðu undir kjarasamninga seint í gærkvöldi eftir maraþonsamningafund. Um tuttugu prósenta hækkun. Formaður hjúkrunarfræðinga vill frekar að félagsmenn fái að kjósa um samning en að gerðardómur ákveði laun.

KJARAMÁL „Það er mat okkar að miðað við þær aðstæður og þau þvingunarúrræði sem við stöndum frammi fyrir sé þetta eins langt og við komumst í þetta sinn,“ sagði Ólafur G. Skúlason, formaður Félags hjúkrunarfræðinga, skömmu eftir að hann skrifaði undir kjarasamning við ríkið rétt eftir klukkan tíu í gærkvöldi.

Samningar náðust milli Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og samninganefndar ríkisins eftir þrettán klukkustunda fund. „Við erum að tala um um það bil 20 prósenta launahækkun eða svipaðan samning og gerður var við aðila á almennum vinnumarkaði,“ segir Ólafur.

Ríkissáttasemjari boðaði samninganefndir ríkisins og hjúkrun-

arfræðinga til fundar klukkan níu í gærmorgun. Var þetta fyrsti samningafundurinn sem haldinn var frá því lög voru sett á verkfall hjúkrunarfræðinga og félagsmanna BHM þann 13. júní síðastliðinn. Hefðu samningar ekki náðst fyrir mánaðamót hefði deilan verið sett í gerðardóm.

„Það er vænlegast fyrir hjúkrunarfræðinga að fá að kjósa um þá samninga sem liggja fyrir fremur en að gerðardómur taki einhliða ákvörðun, en um það fengju hjúkrunarfræðingar ekki að kjósa,“ segir Ólafur og bætir við að yfir gærdeginn hafi samningar mjakast áfram og að ljóst hafi verið að góður gangur væri í viðræðunum.

Ekki er það sama uppi á teningnum í kjaradeilu BHM en samninganefndir BHM og ríkisins

Það er vænlegast fyrir hjúkrunarfræðinga að fá að kjósa um þá samninga sem liggja fyrir fremur en að gerðardómur taki einhliða ákvörðun.

Ólafur G. Skúlason, formaður Félags hjúkrunarfræðinga

hittust á fundi hjá ríkissáttasemjara klukkan þrjú í gær á árangurslausum fundi sem slitið var eftir um hálf tíma.

nadine@frettabladid.is



INNSIGLAÐAR Á LAGER Bækurnar fóru aldrei í dreifingu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hættu við útgáfu eftir ásökun:

Sitja uppi með þúsund eintök

SAMFÉLAGSMÁL Aðstandendur Druslugöngunnar hættu við útgáfu ljósmyndabókar um gönguna eftir að ábending barst um að maður sem kom að gerð bókarinnar væri kynferðis-

afbrotamaður. Þegar ábendingin barst var búið að prenta um eitt þúsund eintök af bókinni sem tilbúin voru til dreifingar og sölu. Tjónið af völdum þessarar ákvörðunar nemur nokkrum milljónum króna. Það er bókaforlagið Salka sem situr uppi með tjónið. Skipuleggjendur göngunnar vonast til að það verði bætt með útgáfu nýrrar bókar eftir gönguna í ár.

María Rut Kristinsdóttir, talskona Druslugöngunnar, segir að vafinn hafi sett strik í reikninginn og málstaður göngunnar skipti meira máli en bókinn. - srs / sjá síðu 4



MARÍA RUT KRISTINSDÓTTIR

Tæplega þrjú kíló í bakpoka: Eiturlyf fundust í Sundahöfn

LÖGREGLUMÁL Tæplega þrjú kíló af sterkum fíkniefnum fundust í bakpoka í gámi við Sundahöfn í fyrrinótt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var um kókaín að ræða.

Götuverð efnanna sem um ræðir hleypur á milljónum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins leikur grunur á að starfsmaður við Sundahöfn hafi verið ætlaður móttakandi efnanna.

Gámasendingar með skipum hafa verið tiltölulega vinsæl smygileið. Árið 2011 fundust tæplega tíu kíló af amfetamíni og ríflega 8.000 e-töflur í gámi í Straumsvíkurhöfn.

Lögregla hefur smygilmálið sem kom upp í fyrrinótt til rannsóknar. Enn hefur enginn verið handtekinn vegna málsins. - snæ

1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 12 mán. fylgir.



IPHONE HJÁ NOVA

iPhone 6 16 GB

124.990 kr. stgr.

7.590 kr. /18 mán.


Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald.



Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

VEÐUR



Á morgun er búist við hægri austlægi eða breytilegri vindátt, en hafgolan mun gera sig gildandi við Faxaflóa og Breiðafjörð. Fremur skjýjað austan- og suðaustanlands, en annars víða bjart veður. Hiti að 18 stigum þar sem sólin nær í gegn, en yfirleitt 8 til 14 gráður annars.

SJÁ SÍÐU 16

Leggja til hertar reglur varðandi akstur hópferðabíla um fjölfarnar umferðargötur í miðbænum: Koma böndum á rútuumferð í miðbænum

SKIPULAGSMÁL Lagt verður til á fundi umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkur-borgar í dag að hertar verði reglur um hvaða götur stærri hópferðabílar megi aka í miðbænum. Gangi tillagan eftir verða sett skilti við flestar götur í Þingholtunum, til austurs og vesturs við Skólavörðuholtið. Auk þess verða gerð tvö ný sleppistæði við Hlemm og í Lækjargötu.

Mikið hefur verið fjallað um ónæði af akstri hópferðabíla í miðbænum. Margir íbúar og verslunarmenn hafa kvartað undan hópferðabílum sem keyra ferðamenn á hótél og gisti-hús í miðbænum. Nú eru einungis til staðar til-

mæli til bílstjóra hvaða götur þeir eigi ekki að aka en ekki er hægt að beita viðurlögum sé það ekki virt. Verði skiltin sett upp þá getur lög-regla sektað bílstjóra sem gerast sekir um að keyra þessar götur.

Hins vegar á þetta ekki við um minni rútur eða undir átta metrum. „Það er engin laun-ung á því að við höfum líka verið að skoða möguleika á því að kannski þurfi að takmarka umferð litlu rútanna. Það hefur verið rætt að hugsanlega eigi að setja þungatakmörkanir á Laugavegin, þannig að bílar yfir 3,5 tonn megi ekki keyra þar yfir hádaginn,“ segir Hjálmar Sveinsson formaður skipulagsráðs. -vh



FÁ SEKTIR Verði tillagan samþykkt þá munu stærri hópferðabílar fá sektir keyri þeir þær götur sem bann-að er að keyra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



ÁRÁS Talið er að hryðjuverkasamtökin Boko Haram hafi skipulagt árásina. NORDICPHOTOS/AFP

Ung kona sprengdi sig í loft upp á strætisvagnastöð: 20 manns létust í sjálfsmorðsárás

NIGERÍA Að minnsta kosti 20 manns létust er ung kona sprengdi sig í loft upp á strætisvagnastöð í borginni Maiduguri í norðausturhluta Nígeríu síðastliðinn mánudaginn.

Árásin var gerð í hverfi þar sem margar árásir hafa átt sér stað undanfarnar vikur.

Árásin er talin hafa verið skipulögð af hryðjuverkasamtökunum Boko Haram.

Samtökin ráða yfir stórum landsvæðum í norðurhluta landsins og víðar og eru talin ein hættulegustu hryðjuverkasamtök í heimi. Árásir þeirra beinast oft gegn ungu fólki sem vill ganga menntavegin. -ngy

Fundað um loftslagsmálin: Segir hreina orku lykilatriði

UTANRÍKISMÁL Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra fundaði í gær með Didier Burkhalter, utanríkisráðherra Sviss. Ræddu ráðherrarnir alþjóða- og Evrópumál, samskipti og samvinnu ríkjanna auk umhverfismála og baráttuna gegn hlýnun jarðar.

Gunnar Bragi sagði á fundinum hreina orku vera lykilatriði við lausn loftslagsvandans og sagði framlag Íslendinga til baráttunnar vera að miðla þekkingu okkar í orkumálum, einkum jarðhita, og að vinna með fjölmörgum ríkjum að framtíðarjarðhitanýtingu. -þea

Kona féll af hestbaki í gær: Landhelgisgæslan kölluð út

BJÖRGUN Björgunarsveitir af höfuðborgarsvæðinu voru kallaðar út í gær vegna konu sem féll af hestbaki í suðurhlíðum Helga-fells.

Þyrla Landhelgisgæslunnar var á leið í æfingaflug þegar útkallið barst og fór á staðinn enda talið að flutningur eftir reiðslóð-anum yrði konunni erfiður þar sem hann er ekki fær öðrum vélknúnum ökutækjum björgunarsveita en fjórhjólum. Konan var flutt á sjúkrahús í Reykjavík.

Talið er að konan sé ekki alvarlega slösuð. -ngy

Allt í hers höndum hjá ABC-samtökum

Enn standa illvígur deilur milli ABC barnahjálpar á Íslandi og ABC barnahjálpar í Kenía. Formaður félagsins í Kenía segir ástand í skólanum í Naíróbí vægast sagt skelfilegt. Styrktarfé ekki hreyft fyrr en leyst hefur verið úr ágreiningi.

KENÍA „Það er búið að mynda lítinn her í skólanum sem henti út öllu starfsfólki sem hugsar um börnin nema þeim kennurum sem standa fyrir yfirtökunni,“ segir Þórunn Helgadóttir, formaður ABC barnahjálpar í Kenía, en hún er komin aftur til Kenía eftir nokkurra vikna dvöl á Íslandi. Að hennar sögn er ABC barnahjálpar á Íslandi búin að hertaka skóla ABC Barnahjálpar í Kenía í Naíróbí. „Þau nýttu sé nokkra af elstu drengjunum og gefa þeim peninga í staðinn.“

Fréttablaðið greindi frá því á dögunum að illvígur deilur stæðu milli ABC barnahjálpar á Íslandi og ABC barnahjálpar í Kenía. Þórunn var sagt upp störfum en hún er föst á því að staða hennar í Kenía sé óbreytt, enda sé um tvö aðskilin félög að ræða. ABC á Íslandi heldur því hins vegar fram að félagið eigi ABC í Kenía.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu eru félögin tveir sjálfstæðir lögaðilar. Þá hefur ráðuneytið gefið ABC fyrir-mæli um að fimmtán milljón króna styrkur frá ráðuneytinu verði ekki hreyfður fyrr en greitt hefur verið úr ágreiningi.

„Þegar ég kom í skólann þá blasti við mér skelfileg sjón. Drengir sem ég þekki sem mikla ljúflinga og ég hef alið upp voru komnir í annar-legt ástand, með steina, prik, boga og örvar,“ segir Þórunn og bætir við að drengirnir samþykki að gera þetta fyrir peninga.

Þórunn segist ekki skilja hvers vegna samtökin á Íslandi fari ekki löglega leið. „Ef þau halda að þau eigi skólann í Naíróbí ættu þau að



Í KENÍA Lögmaður ABC á Íslandi segir Þórunni segja ósatt og að hún starfi ekki fyrir ABC lengur. MYND/GUNNAR SALVARSSON

fara fyrir dóm til þess að sanna sitt mál,“ segir Þórunn sem harmar ástandið enda hafi hún helgað líf sitt hjálparstarfinu í Kenía.

Þórunn tilkynnti málið til lögreglu og segir að þá hafi komið í ljós að lögreglan hafi aðstoðað við yfirtökuna. „Lögreglumaðurinn spurði svo hvort við mundum nokkuð tilkynna um þátt hans í málinu á hærri stöð-um,“ segir Þórunn og bætir við að í kjölfarið hafi hún hringt í foreldra barna í skólanum og ráðlagt þeim að ná í börnin sín en þeim hafi verið meinað að taka börnin.

Síðastliðinn laugardag var boðaður foreldrafundur í skólanum. „Okkur hjónunum og starfsfólki-nu sem hafði verið lokað úti var meinaður aðgangur,“ segir Þór-

unn en á fundinum var foreldrum sagt að Þórunn hefði stolið miklum peningum úr rekstrinum. „Það var sagt að ABC á Íslandi hafi alltaf verið að senda nóg af peningum en við hefðum étið þá,“ segir Þórunn sem segist hafa verið ásökuð um að hafa stolið 500.000 dollurum. „Sú upphæð er hærri en öll ársvelta starfsins í Kenía. Auðvitað er það ekki satt. Þetta gera þau til þess að afla sér stuðnings foreldranna,“ segir Þórunn sem ætlar að gera allt til þess að koma málinum í réttan farveg. „Þetta eru börnin mín og ég verð að hugsa um hagsmuni þeirra.“

„Þórunn er að segja ósatt. Aðal-málið er að hún er hætt störfum fyrir ABC,“ segir Einar Gautur Steingrímsson, lögmaður ABC á Íslandi, og bætir við að samtökin séu ekki í deilum við Þórunni þar sem hún starfi ekki fyrir ABC lengur. „Það er ekki rétt að ABC hafi borgað einhverjum fyrir eitthvað,“ segir Steingrímur. nadine@frettabladid.is

Frá kr. **89.900** m/allt innifalið

29. júní í 10 nætur

Bodrum

Risa Hotel

Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi.
Netverð á mann frá kr. 119.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
www.heimsferdir.is

21

FYRIR

Flugsæti frá kr. **47.450**

Samninganefndir ríkisins og BHM hittust í hálf tíma hjá ríkissáttasemjara: Stuttur fundur og árangurslaus

KJARAMÁL Staðan í kjaradeilu Bandalags háskólamanna (BHM) og ríkisins er óbreytt eftir stuttan samningafund í húsnæði ríkissáttasemjara síðdegis í gær.

Ríkissáttasemjari hafði boðað til fundar í deilunni klukkan þrjú og var fundi lokið nokkrum mínútum síðar. „Sáttasemjara ber að boða til fundar innan tiltekins tíma í þeirri stöðu sem uppi er,“ segir Þórunn Sveinbjarnardóttir, formaður BHM, um fundinn í gær, en hálfur mánuður er frá því samninganefndirnar hittust síðast. „En það kom ekkert nýtt fram á þessum fundi. Samninganefnd ríkisins hafði ekkert nýtt fram að færa þannig að þetta var bara stuttur og árangurslaus fundur.“

Miðað við þá stöðu sem uppi er segir Þórunn því virðast sem stefni í að gerðardómur fái það



Í KARPHÚSINU Samninganefnd BHM kemur sér fyrir hjá ríkissáttasemjara um miðjan dag í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

verkefni að skera úr um kjör háskólamanna, en lög sem sett voru á verkfall BHM gera ráð

fyrir að dómurinn verði skipaður hafi ekki samist fyrir mánaðamót. -óka

Hópmálsókn

fyrrum hluthafa í Landsbanka Íslands hf.
gegn Björgólfi Thor Björgólfssyni

Fyrrum hluthafar í Landsbanka Íslands hf. hafa unnið með Landslögum að undirbúningi málsóknar á hendur Björgólfi Thor Björgólfssyni.

Hefur rannsókn og gagnaöflun leitt til þess að fram eru komin gögn sem gefa sterklega til kynna að Björgólfur Thor hafi;

- með saknæmum hætti komið í veg fyrir að hluthafar fengju upplýsingar um umfangsmiklar og líklega ólögmetar lánveitingar tengdar honum,
- brotið gegn reglum um yfirtökuskyldu.

Kynningarfundur

um væntanlega hópmálsókn verður haldinn
fimmtudaginn 25. júní næstkomandi kl. 17.00
í sal V101 í Háskólanum í Reykjavík.

Þeir sem eiga hlutabréf í Landsbanka Íslands hf. geta tekið þátt í hópmálsókninni.

Hægt er að skrá sig í málsóknarfélag um hópmálsóknina á vefsíðunni:

malsokn.landslog.is

Frekari upplýsingar eru veittar í síma 520-2917 eða í gegnum netfangið:

malsokn@landslog.is

SPURNING DAGSINS



Svavar, er þetta ekki að æra óstöðugan?

Jú, við erum heldur kindarleg yfir þessu.

Ærdaði í vor er 120% meiri en á síðasta ári. Svavar Halldórsson er framkvæmdastjóri Landsamtaka sauðfjárbænda.

Ætla að rannsaka brotið: Meint barnanið friðargæsluliða

MIÐ-AFRÍKULÝÐVELDIÐ Sameinuðu þjóðirnar lýstu því yfir í gær að rannsókn væri hafin vegna ásakana um að friðargæsluliðar samtakanna í höfuðborg Mið-Afríkulýðveldisins, Bangui, hafi misnotað heimilislaus börn í borginni. Talsmaður Sameinuðu þjóðanna, Stephane Dujarric, sagði í gær að forsvarsmönnum verkefnisins hefði verið tilkynnt um ásakanirnar nítjándra júní síðastliðinn og ónefndu heimalandi friðargæsluliðanna degi síðar.

Dujarric sagði enn fremur að læknisaðstoð og áfallahjálp stæði nú fórnarlömbum meintra brota til boða.

- þea



EGILSSTAÐIR Í svarinu kemur fram að oftast sé lent á Egilsstaðaflugvelli þegar nota þarf varaflugvöll í stað Keflavíkurflugvallar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fleirí fljúga til og frá Íslandi: Áætlunarflug aukist um 77%

FERÐAÞJÓNUSTA Áætlunarflug til Keflavíkurflugvallar hefur aukist um 77 prósent frá aldamótum. Þetta kemur fram í svari innanríkisráðherra við fyrirsögn Helga Hrafn Gunnarssonar, þingmanns Pírata.

Árið 2000 voru flugtök og landingar á flugvælinum 15.871 talsins. Árið 2014 voru flugtök og landingar orðnar 28.147 talsins. Leiða má líkur að því að það þýði að 14.073 áætlunarvélar hafi farið um flugvöllinn á síðasta ári.

Í svarinu kemur jafnframt fram að Egilsstaðaflugvöllur sé vinsælasti flugvöllur landsins þegar nota þarf varaflugvöll.

- snæ

Átta ummæli um rekstur Götusmiðjunnar og framkomu forstöðumanns ekki dæmd dauð og ómerk: Forstjóri Barnaverndarstofu sýknaður

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur sýknað forstjóra barnaverndarstofu, Braga Guðbrandsson, af meiðyrðakröfu Týs Þórarinssonar, betur þekktur sem Mummi í Götusmiðjunni.

Upphaflega var Bragi dæmdur fyrir meiðyrðin og honum gert að greiða Tý miskabætur og málskostnað en málið var tekið upp aftur að kröfu Braga þar sem hann vissi ekki af stefnunni gegn sér þegar málið var þingfest.

Týr rak meðferðarheimili Götusmiðjunnar að Brúarholti þar sem boðið var upp á meðferð fyrir börn og ungmenni.

Málið má rekja til atviks hjá Götusmiðjunni þegar börn á meðferðarheimilinu voru fjarlægð þaðan að beiðni Barnaverndaryfirvalda eftir meintar hótanir Týs um líkamsmeiðingar í garð barnanna sem þar dvöldu.

Týr stefndi Braga fyrir meiðyrði vegna átta ummæla sem höfð voru eftir honum á Vísi og vefsíðu RÚV. Þar sagði Bragi meðal ann-

ars að undirrot vanda Götusmiðjunnar væri stjórnunarvandi forstöðumannsins sem væri farinn



BRAGI GUÐBRANDSSON TÝR ÞÓRARINSSON

að bitna á meðferðinni og skaða börnin sem væru í meðferð.

Í niðurstöðum dómsins segir að ummæli Braga hafi verið liður í almennri þjóðfélagsumræðu og að þau hafi verið innan þess tjáningarfrelsis sem stjórnarskráin tryggir.

Týr var dæmdur til að greiða Braga 600.000 krónur í málskostnað, en innanríkisráðuneytið hafði samþykkt gjafsókn fyrir Braga og því greiðist sá kostnaður úr ríkissjóði.

- ngy

Hættu við bók eftir ásökun

Aðstandendur Druslugöngunnar stöðvuðu útgáfu ljósmyndabókar vegna ábendingar um að einn af aðstandendum bókarinnar væri kynferðisafbrotamaður. Salka bókaforlag varð fyrir nokkru fjárhagslegu tjóni.

SAMFÉLAGSMÁL „Það sem vó þyngst var málstaður Druslugöngunnar, hann er það sem skiptir máli,“ segir María Rut Kristinsdóttir, talskona Druslugöngunnar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hættu aðstandendur Druslugöngunnar við að gefa út ljósmyndabók um gönguna í fyrra eftir að ábending barst á opinbera Facebook-síðu göngunnar um að maður ótengdur Druslugöngunni, sem kom að útgáfu bókarinnar, væri kynferðisafbrotamaður.

„Aðdragandinn að þessari bók var að maður sem var alveg ótengdur göngunni hafði samband við mig og var með þessa hugmynd að búa til ljósmyndabók þar sem myndir úr Druslugöngunni myndu koma fyrir í bland við texta og eftir einhvern tíma ákváðum við að taka þátt í þessu verkefni af því að okkur þótti það skemmtilegt að festa þessar myndir í bók, þessar myndir úr Druslugöngunni.“

Þegar langt var liðið á verkefnið og það var opinberað barst þeim ábending frá þolanda á opinberri síðu göngunnar um að umræddur maður væri kynferðisafbrotamaður. Maðurinn hefur aldrei hlotið dóm vegna meints brots.

„Þetta vafaatriði gerði það að verkum að við, sem stöndum að göngunni, gátum ekki lengur tekið þátt í verkefninu og við drógum okkur alfarið úr þessari útgáfu og lögðumst alfarið gegn því að hún kæmi út í þessari mynd. Það er skýrt að markmið Druslugöngunnar er að uppræta kynferðisofbeldi og segja frá og skila skömminni og það er skýrt að málstaður Druslugöngunnar er miklu, miklu stærri en einhver bók. Aldrei myndum við taka þátt í neinu sem gæti rýrt trúverðugleika göngunnar að neinu leyti,“ segir María.

Að sögn Maríu setti þetta strik



LÍTA EKKI DAGSINS LJÓS Fréttablaðið fékk að mynda brettin tvö sem geyma bækurnar sem ekki verða gefnar út. Tjónið vegna bókana er nokkuð en vonast er til að útgáfa nýrrar bókar bæti það.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



MARÍA RUT KRISTINSDÓTTIR

í reikninginn en að lokum komst hópurinn að niðurstöðu í sátt við Sölkubókaforlag.

Fjárhagslegt tjón fyrir Sölkubókaforlagið mun hafa hlaupið á tæpum þremur milljónum króna vegna ákvörðunarinnar. Bækurnar eru þó enn til og eru innsglaðar og munu ekki fara í dreifingu. Upplagið var um þúsund bækur.

Skipuleggjendur Druslugöngunnar ætla að safna efni í nýja

ljósmyndabók og vonast er til að hagnaðurinn af henni bæti Sölkubókunni.

„Okkur langar til að festa Druslugönguna 2015 á filmu og gera verkefninu góð skil þannig að það fái farsælan endi. Þetta er leiðindamál sem lagðist þungt á okkur öll en ég er handviss í mínu hjarta um að við höfum gert rétt. Við tókum skýra afstöðu.“

Druslugangan mun fara fram þann 25. júlí næstkomandi. Markmið hennar er að færa ábyrgð af þolendum kynferðislegs ofbeldis yfir á gerendur.

„Við ætlum okkur að sprengja alla skala í ár,“ segir María.

„Af því að það hefur náttúrulega verið mikil undiralda síðustu mánuði í ýmsum hreyfingum til dæmis með Free the nipple og núna Konur tala og Þöggun. Þarna ætlum við að sameinast öll í vonandi góðu veðri. Við ætlum sérstaklega að grípa þessa einstaklinga sem hafa komið fram síðustu misserin og hafa sagt sína sögu sem eru orðnir alveg fjölmargir. Þeir munu koma þarna og vonandi upplifa gönguna og þá tilfinningu sem fylgir henni þegar maður gengur niður Skólavörðuholtið til að skila skömminni,“ segir hún.

stefanrafn@frettabladid.is

Daktacort krem

Við sveppasýkingum í húð þegar mikill kláði og bólga fylgir

Daktacort 15 gr fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Daktacort krem inniheldur sveppaeyðandi lyf (miconazol) og vægan stera sem er kláðastillandi og bólgueyðandi (hydrocortison).

Daktacort krem (inniheldur miconazolnítat og hydrocortison) við húðsveppasýkingum (af völdum Trichophyton, Epidermophyton og Microsporum tegunda) og þruskusveppasýkingar í húð þar sem bólga og kláði eru mjög áberandi. **Skammtar:** Berið í þunnu lagi á sýkt húðsvæði 2 á dag, Nuddið varlega inn. Við fotsveppasýkingu á að þvo og þurrka fætur áður en lyfið er borið á. Meðferðartíminn er frá 2-6 vikum, háður staðsetningu sýkingar og alvarleika. Haldið skal meðferð áfram í a.m.k. 1 viku eftir að einikenni eru horfin. Nota skal bækstera í höf og í stuttan tíma hjá öðrum. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir virku efnum, öðrum imidazolaleikum eða hjálparefnum. Áblástursótt, kúabola, allar tegundir af hlaupabólum, húðberklar. **Varnaðarorð:** Lyfið inniheldur benzósýru sem getur valdið vægri ertingu í húð, augum og slímhimnum og butýlhýdroxyanisól sem getur valdið staðbundnum viðbrögðum í húð (t.d. snerihúðbólgu) eða ertingu í augum og slímhimnum. Greint hefur verið frá alvarlegum ofnæmisviðbrögðum þ.m.t. bráðofnæmi og ofnæmisþjág. Komi fram erting eða ofnæmi á að hætta meðferð. Forðast skal að kremið berist í augu. Gæta skal varúðar hjá ungabörnum og börnum þegar kremið er borið á stór svæði eða undir þéttar umbúðir. Einnig skal forðast að bera kremið í andlit. Við langvarandi meðferð við svænu exemi á stórum svæðum hjá ungabörnum skal hafa í huga hættu á alæukum áhrifum. Bæking á starfsemi nýrnaheita getur orðið jafnvel þó lofthættar umbúðir séu ekki notaðar. Forðast skal langvarandi meðferð með Daktacort. Lyfið getur skemmt þær. **Meðganga og brjóstgjafi:** Leita skal ráða hjá lækni eða lyfjafraðingi áður en lyfið er notað. Forðast skal að bera kremið á stór svæði eða undir þéttar umbúðir eða á brjosti. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Sweden AB. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

Bandaríkin og bandamenn þeirra varpa sprengjum á ISIS í Írak og Sýrlandi: Sautján loftárásir frá mánudegi

ÍSLAMSKA RÍKIÐ Bandaríkin og bandamenn þeirra í baráttunni gegn Íslamska ríkinu (ISIS) hafa staðið fyrir sautján loftárásum gegn Íslamska ríkinu frá því á mánudag.

Þrjár árásanna beindust gegn skotmörkum í sýrlenska bænum Tel Abyad sem stendur við landamæri Sýrlands og Tyrklands og hæfðu meðal annars vélbyssu og farartæki Íslamska ríkisins.

Hinar loftárásirnar, fjórtán talsins, beindust gegn skotmörkum víðs vegar um Írak. Meðal annars í borgunum Kírkúk, Mósúl, Ramadí og Sinjar. Þær árásir hæfðu meðal annars sveitir hermanna Íslamska ríkisins, vopnabúr og sprengjubyrgi.

Samhliða skýrslu Bandaríkjahers sem frá þessu greindi í gær, var greint frá því að meðalkostn-



DÝRT Stríðið gegn Íslamska ríkinu kostar Bandaríkjamenn um milljarð króna dag hvern.

NORDICPHOTOS/IAF

aður á hverjum degi vegna stríðsins gegn Íslamska ríkinu nemi um níu milljónum Bandaríkjadala eða rúmum milljarði íslenskra króna.

Loftárásir gegn Íslamska ríkinu hafa hæft 6.278 skotmörk frá áttunda maí á þessu ári.

- þea



BROSUM ALLAN HRINGINN MEÐ SKEMMTILEGA LIÐINU



Áfram Team SKODA-UMFUS!

Team SKODA-UMFUS er stoltur þátttakandi í WOW Cyclothon hjóltreíðakeppninni umhverfis landið dagana 23. - 26. júní. Um leið og við óskum þeim góðrar ferðar og góðs gengis minnum við á áheitin til styrktar uppbyggingar **batamiðstöðvar á Kleppi**. Látum gott af okkur leiða með áheitum á **wowcyclothon.is**

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvar vill bæjarstjóri Kópavogs hafa bæjarskrifstofurnar?
2. Hvar var munur ráðstöfunartekna eftir menntun minnstur í Evrópu árið 2013?
3. Til hvaða embættis hyggst Maradona bjóða sig fram?

SVÖR:
1. Í nýja Norðurtúrninum við Smáralind.
2. Á Íslandi. 3. Forseta Alþjóðakennspyrnu.

Fæðingarorlof feðra rétt fyrir ofan meðaltal OECD:

Ísland síðra en Japan

VELFERÐARMÁL Réttur íslenskra feðra til töku fæðingarorlofs er sá níundi mesti á meðal OECD-ríkjanna. Fá OECD-ríki greiða foreldrum full laun á meðan á fæðingarorlofi stendur.

Fæðingarorlof hefur almennt lengst innan OECD-ríkjanna en þó eru undantekningar þar á; orlof mæðra hefur stýst í Þýskalandi og Tékklandi síðan árið 1990.

Þá hefur fæðingarorlof feðra verið stýtt í Austurríki og Danmörku síðan um aldamótin.


Fæðingarorlof feðra þekktist ekki innan OECD-ríkjanna fyrir árið 1970 og framþróun reyndist hæg í þessum efnum. Meðaltal fæðingarorlofs innan OECD-ríkjanna var 3,4 vikur um aldamótin en er nú ný vikur.

Róttækasta breytingin á fæðingarorlofi innan OECD-ríkjanna átti sér stað í Suður-Kóreu og Japan árið 2008 og 2010. Þar hafa feður heilt ár í fæðingarorlof, eða 52 vikur.

- snæ

FÆÐRORLOF Í OECD-RÍKJUM

í vikum talið árið 2014



heimild: OECD



FÆREYJAR Í FORGANGI Hoydal vill ekki sitja á tveimur þingum.

Sætaskipti í Danmörku:

Hoydal hafnar þingsætinu

DANMÖRK Hogni Hoydal, leiðtogi Þjóðveldisflokksins í Færeyjum, hefur hafnað sæti á danska þinginu sem hann hlaut í þingkosningunum í Danmörku. Hoydal, sem fékk fjórðung atkvæðanna sem Þjóðveldisflokkurinn hlaut, vill ekki sitja á báðum þingunum.

Hann segir í viðtali við Kristilega dagblaðið að greint hafi verið frá því fyrir kosningar að stjórnmálin í Færeyjum myndu hafa forgang.

Magni Arge mun taka sæti Hoydals.

- ibs

Skora á Bandaríkjaforseta:

Krefjast aðgerða gegn Íslandi

SIÁVARÚTVEGUR Ríflega tuttugu umhverfis- og dýraverndunarsamtök hafa sent Bandaríkjaforseta, Barack Obama, bréf þess efnis að grípa eigi til aðgerða gegn Íslandi vegna hvalveiða.

Í bréfinu, sem dagsett er þann 15. júní síðastliðinn, er rakin för fraktskipsins Winter Bay sem er í eigu Hvals hf.

Skipið er að öllum líkindum á leið til Japans með hvalkjöt til sölu. Áfangastaður þess er þó skráður St. Kitts í Karíbahafi.

Samtökin, þar á meðal Greenpeace, krefjast tafarlausrar viðskiptaþvingana á þau fyrirtæki sem versla með hvalkjöt hérlandis.

- snæ

Gufan frá Hverahlíð dugar ekki til – vinnsluhola boruð

Orka náttúrunnar borar nýja vinnsluholu fyrir Hellisheiðarvirkjun til að halda uppi framleiðslu virkjunarinnar, þvert á áætlanir. Gufa frá Hverahlíð dugar ekki til og framleiðslugetan fellur hraðar en gert var ráð fyrir.

ORKUMÁL Áætlanir Orku náttúrunnar, dótturfyrirtækis Orkuveitu Reykjavíkur, um að viðhalda framleiðslu Hellisheiðarvirkjunar í nokkur ár með því að sækja gufu í fjórar borholur í Hverahlíð ganga ekki eftir. Frá því að ljóst var að núverandi vinnslusvæði virkjunarinnar stendur ekki undir fullri framleiðslu til frambúðar hefur framleiðslan fallið niður fyrir 260 megavött (MW). Uppsett afl virkjunarinnar er hins vegar 303 MW.

Orka náttúrunnar sendi frá sér fréttatilkynningu í gær þar sem kom fram að á næstu dögum hefjist framkvæmdir við nýja vinnsluholu á Hellisheiði – þá fyrstu frá árinu 2009. Þar kemur fram að raforkuframleiðslan í virkjuninni hefur minnkað meira en áttalað var og því nauðsynlegt að bora nýja holu samhliða lagningu Hverahlíðarlagnar.

Marta Rós Karlsdóttir, forstöðumaður auðlinda hjá ON, segir rétt að Hverahlíðarlögnin hafi átt að duga til að viðhalda framleiðslu í Hellisheiðarvirkjun í nokkur ár án borana. Í millitíðinni voru fjórar kraftminni holur á vinnslusvæði Hellisheiðar teknar í notkun og áttu að brúa bilið þangað til lögnin tengdist virkjuninni.

„Tvær þessara hola gefa nú ekki meiri gufu og með því minnkaði framleiðslan um 10 MW í einu þrepi á vormánuðum 2015. Þá stendur einnig til að hvíla fleiri vatnsríkar holur þegar gufa fæst frá Hverahlíð.



Marta Rós Karlsdóttir, forstöðumaður auðlinda ON

„Það er rétt að framleiðsla virkjunarinnar hefur dalað hraðar en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Þetta gerir það að verkum að gufan frá Hverahlíð dugar ekki til að koma framleiðslu virkjunarinnar í það horf sem áttalað var, eða í um 280 MW að jafnaði, og því er nauðsynlegt að bora nýja holu á þessum tíma,“ segir Marta.

Virkjunin framleiddi á fullum afköstum til ársloka 2012; 303 MW. Um sumarið gat hún mest framleitt 276 megavött. Meðaltalsframleiðsla frá áramótum 2014-2015 er 262 MW, en ekki fást við því svör hvað framleiðslan hefur verið lægst á þessu tímabili.

Í svörum ON við fyrirspurn Fréttablaðsins um hvort staða virkjunarinnar sé ekki mun verri en menn hafa talið, segir að rétt sé að framleiðsla dali hraðar en áttalað var og vonir um lausnir hafi ekki gengið eftir. Hins vegar sé fyrirhuguð vinnsluhola hluti af eðlilegu viðhaldi og „alls ekki óvenjuleg aðgerð“.

svavar@frettabladid.is



HELLISHEIÐARVIRKJUN Gufulögn frá Hverahlíð, lausnin 2013, mun kosta tæpa fjóra milljarða.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hverahlíðarlögn stærsta verkefni ON

- Þegar ljóst var sumarið 2013 að vinnslusvæði Hellisheiðarvirkjunar stæði ekki undir væntingum og gæti því ekki keyrt allar sjö aflvélar Hellisheiðarvirkjunar, fæddist sú hugmynd að tengja Hellisheiðarvirkjun við háhitasvæðið í Hverahlíð, þar sem OR áætlaði að byggja næstu stóru jarðhitavirkjun sína. Vegna fjárhagslegrar stöðu fyrirtækisins eftir hrun átti að forðast að bora nýjar vinnsluholur með öllum ráðum, en hver slík kostar um 800 milljónir króna.

- Í fjárfestingaáætlun Orku náttúrunnar er stærsta einstaka verkefnið lagning Hverahlíðarlagnar frá borholum við Hverahlíð á Hellisheiði að Hellisheiðarvirkjun. Mestur þungi framkvæmda er nú í ár; frágangi lagnarinnar mun ljúka 2016. Um 2,5 milljarðar renna til þess verkefnis á árinu en fjárfestingin alls er áætluð tæpir fjórir milljarðar króna.

Vango Beta 350XL
Verð 37.995,-

Vango Woburn 500
Tilboðsverð 64.596,-

Við tjöldum því besta!

Vango

HILLEBERG
THE TENTMAKER

EVEREST

Skeifunni 6 - Sími 533 4450 - www.everest.is
PERSONULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF

VIÐHALD EIGNA!

Á MÚRBÚÐARVERÐI

Maston Hammer Spray 400ml
1.195

Maston Hammer 750ml
2.395

Maston Hammer 250ml
1.095

Deka Metalguard grunnur 1 líter
1.390

Elite þakbursti 22cm
4.595

Pakmálning 10 lítrar
12.695

DEKAPRO útímálning, 10 lítrar
7.490

Mako Viðarvarnar-pensill, 50mm
295

Truper vírbursti m/sköfu
435

Oden Grunnolía 1 líter
1.295

Oden útigrunnur á tré, 1 líter
1.595

Mako gluggaskafa
795

Oden þekjandi viðarvörn 1 líter, A stofn
2.095

Kína Olía 1 líter
1.595
3 lítrar kr. **3.690**

Mako málaramotta 10m²
2.490

DEKA SILAN vatnsfæla 5 lítrar
6.590
1 líter kr. **1.790**

ODEN EDAL OLÍA á palla Hágæða Silikonalkyd efn 2,7 l.
4.390

Landora tréolía Col-51903 3 l.
2.690

Truper skaft 2"
395

Mako penslasett
595

SAN-SM-CLE206 Fjölnota pallur/trappa
19.990
pallur fylgir

PRETUL úðadæla 5 l. Trup 24685
2.990

Proflex Nitril vinnuhanskar
375

Weber Milligróf múrblanda 25 kg
1.890

Weber Rep 980 5kg
1.650

Deka Hrað 5 kg
1.770

LLA-308 PRO álstigi 3x8 þrep 2,27-5,05 m
17.990

Bio Kleen pallahreinsir 5 lítrar kr.
895
3.295

Bostik 2720 þéttikýtti 290ml
1.295

Supersal

Dicht-Fix þéttiefni 750ml
1.995

Malartvatt Paint Wash
1.195

DOMAX byggingarvinklar. Mikið úrval

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Steypugljái á stéttina – þessi sem endist

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

SVONA ERUM VIÐ



150 krónur kostaði stök strætisvagnaferð fyrir fullorðna í maí árið 2000. Í maí á þessu ári kostaði ferðin 400 krónur.

Úlfar Þormóðsson segir fyrirhugað afnám banns við guðlasti gott fyrir líðandi stund og næstu tíma:

Veltir fyrir sér endurútgáfu Spegilsins

ALPINGI „Ég tek fréttunum bara þegjandi. Jú, og fagnandi fyrir framtíðina,“ segir Úlfar Þormóðsson, rithöfundur og guðlastari, um þær fréttir að frumvarp Pírata um afnám ákvæðis sem bannar guðlast hafi verið afgreitt úr allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis í gær. Þingmenn Pírata lögðu frumvarpið fram í vetur. Samkvæmt núgildandi lögum skal hver sem smáanar guðsdýrkun

löglegs trúfélags sæta sektum eða fangelsi allt að þremur mánuðum. „Þetta hefur svo sem enga eftirvirkni en þetta er gott fyrir líðandi stund og næstu tíma,“ segir Úlfar. Úlfar er eini núlifandi Íslendingurinn sem dæmdur hefur verið fyrir guðlast en hann var árið 1983 dæmdur fyrir grein sem birtist í spaugtímariti sem hann ritstýrði, Speglinum. Lögbann var sömuleiðis sett á tölu- blaðið sem greinin birtist í. Í greininni er fjallað

um mann sem leiddist út í glæpi eftir að kirkjan freistaði hans með messuvíni við fermingu. „Ég hef stundum velt því fyrir mér. Ég er ekkert búinn að yfirgefa þann þanka neitt. Þannig að ég hef það bara óráðið,“ segir Úlfar, spurður um hvort hann hyggist gefa tölublaðið út aftur verði frumvarpið samþykkt.

LÖGBANN Úlfar Þormóðsson veltir því fyrir sér að gefa bannað tölu- blaðið út.



ÚLFAR ÞORMÓÐSSON

MYND/SPEGILLINN

LOKSINS AFTUR SUMAR...ÍS

ÍSINN SEM FÆRIR ÞÉR SUMARIÐ ER KOMINN AFTUR. EKTA RJÓMAÍS MEÐ KÓKOS, ÁSTARALDINI, MANGÓ OG SÚKKULAÐIDROPUM.

Rjómaís með kókos, ástaraldin, mangó og súkkulaðidropum

emmessis
-Toppurinn á ísnum

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

! TILKYNNNA ÓVILGANDI Eða ÓDÖGLEGU EFNI Á NETINU

SAFT

ÖRMAGNA Í MOSKU
Margir hafa leitað skjóls undan hitunum í moskum borgarinnar Karachi.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Neyð vegna hitabylgju

Hitabylgjan í Pakistan hefur kostað hundruð manna lífið. Mikil reiði út í stjórnvöld og orkufyrirtæki vegna rafmagnsleysis, sem gerir illt ástand enn verra.

PAKISTAN Nærri sjö hundruð manns hafa látið lífið í hitabylgju í Pakistan undanfarna daga. Þúsundir manna hafa þurft á læknishjálp að halda og eru sumir þeirra þungt haldnir. Hitinn hefur farið upp í 45 gráður dag eftir dag, en verst hefur ástandið verið í Sindh-héraði í sunnanverðu landinu. Flestir hafa látist í Karachi, sem er stærsta borg héraðsins. Rafmagnsleysi hefur verið í Karachi dögum saman og loftkælikerfi þar með óstarfhæf. Þetta hefur gert ástandið mun verra en ella, en ekki er óvenjulegt að svona miklir hitar verði þarna um þetta leyti árs. Efnt hefur verið til mótmæla vegna rafmagnsleysisins og beinist reiði fólks bæði að stjórnvöldum og orkufyrirtækinu K-Electric. Neyðarástandi var lýst yfir og herinn kallaður út til að aðstoða fólk og setja upp stöðvar þar sem hlúð er að fólki, sem fengið hefur hitaslag. Skólum og skrifstofum hefur verið lokað en lækna- og hjúkrunarfólk hafa verið kallaðir heim úr frii til að sinna veikburða fólki. Mikið álag

hefur verið á sjúkrahúsum og í lík- húsum borgarinnar. Þá hefur fólk leitað í moskur borgarinnar til að hvílast, þar sem heldur kaldara er þar inni en úti á götum. Stjórnin í Pakistan hefur velt upp þeim möguleika að framkalla regn til að gera ástandið þolanlegra, að því er fram kemur á vefsíðu dagblaðsins Dawn, sem gefið er út á ensku í Pakistan. Þar kemur einnig fram að regn er „búið til“ með því að dreifa tiltekinni efnablöndu á ský. Þetta hefur tíðkast í nokkrum mæli í Kína, en þá einkum til að draga úr loftmengun. Vandinn er sá að þetta gengur aðeins ef ákveðnar tegundir skýja eru á himni, en því hefur ekki verið að heilsa á slóðum hitabylgjunnar í Pakistan undanfarið. Í viðtali við Dawn segir Abdul Malik Ghauri, hafnarmálastjóri í Karachi, að grannt verði fylgst með skýjafari í Karachi og nágrenni og tilraun gerð til að búa til regn um leið og tækifæri gefst. Í síðasta mánuði létu um 1.700 manns lífið á Indlandi þegar mikil hitabylgja gekk þar yfir.

gudsteinn@frettabladid.is

LYFJA
- Lifið heil

www.lyfja.is

20% afsláttur

af 100g og 150g Voltaren Gel í júní

Voltaren® Gel

Lyfjaauglýsing

Lágmúla Laugavegi Nýbýlavegi	Smáralind Smáratorgi Borgarnesi	Grundarfirði Stykkishólmi Búðardal	Patreksfirði Ísafirði Blönduósi	Hvammstanga Skagaströnd Sauðárkróki	Húsavík Þórshöfn Egilsstöðum	Seyðisfirði Neskaupstað Eskifirði	Reyðarfirði Höfn Laugarási	Selfossi Grindavík Keflavík
------------------------------------	---------------------------------------	--	---------------------------------------	---	------------------------------------	---	----------------------------------	-----------------------------------


TILBOÐ

öll rúm á **30-50%** afslætti

Fáðu fría legugreiningu
og faglega ráðgjöf
þegar þú kaupir rúm



Allir aukahlutir á
30% afslætti með
seld um rúmum/dýnum



Bjóðum uppá vaxtalausar rað-
greiðskur til allt að 12 mánaða



Smiðjuvegi 2, Kópavogi (við hliðina á Bónus)
Sími 544 2121 - www.rumgott.is



Smábátasjómenn ósáttir við makrílfrumvarp: Makrílkvóti 23 báta er undir 10 kílóum

SJÁVARÚTVEGUR Minnihluti þeirra smábáta sem fá úthlutaðar veiðiheimildir á komandi vertíð samkvæmt reglugerð um makrílveiðar 2015 geta stundað veiðar af alvöru. Alls fá 192 bátar úthlutun en 23 þeirra fá eitt til 10 kíló – sem samsvorar því að veiðir séu þrír til 30 fiskar yfir sumarið.

Eins og Fréttablaðið greindi frá þýðir kvótasetning makrils í öllum útgerðarflokkum að margir smábátasjómenn fá ekki heimildir sem standa undir veiðum. Af 192 bátum sem veitt hafa makríl frá 2009 fá 24 bátar um 55% af kvótanum. Landsamband smábátaeigenda (LS) gagnrýnir Sigurð Inga Jóhannsson sjávarútvegsráðherra hart og segir vinnubrögð hans forkastanleg og hefur óskað eftir fundi með Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra vegna málsins.

Í bréfi smábátaeigenda þar sem fundar er óskað segir: „Fullyrða má að þeir aðilar sem aflað hafa meira en 500 kíló – 149 bátar – séu búnir að koma sér upp sérstökum búnaði til veiðanna sem er sérstakinn að hverjum bát, þróaður og smíðaður hér á landi. Hluti bátanna hefur einnig fest kaup á fiskleitartæki. Kostnaður á hvern bát er frá 5 milljónum upp í 12 milljónir.“ LS telur að við inngríp af þessu tagi þurfi alltaf að meta hvað ávinnist við breytingu og hverju sé verið að fórna, svo vitnað sé aftur í bréfið.

Örn Pálsson, framkvæmdastjóri LS, segir, spurður um hvað aflaheimildir einstakra báta þurfi að vera miklar til að réttlæta alvöru



Í LANDI Smábátasjómenn hafa óskað eftir fundi með forsætisráðherra.

→ Bréf LS til ritara forsætisráðherra: Hluti bátanna hefur einnig fest kaup á fiskleitartæki. Kostnaður á hvern bát er frá 5 milljónum upp í 12 milljónir.

útgerð, að vart verði það gert fyrir minni afla en um 100 tonn.

Samkvæmt gögnum Fiskistofu fá um 30 bátar úthlutun sem hleypur á 70 til 330 tonnum byggt á veiðireynslu síðustu sex ára. Aðrir bátar fá minna og margir langt um minna og heimildir sem aldrei standa undir útgerð í tegundinni. Þar af eru margir bátar sem fá nokkur kíló eða fáein tonn – afli sem mun aldrei fást úr sjó þar sem óheimilt er að sameina veiðiheimildir eða selja þær öðrum. Ljóst virðist að allstór hluti þessa rúmlega 7.000 tonna kvóta sem smábátum var ætlað að veiða fellur dauður niður.

svavar@frettabladid.is

www.renault.is

ÞÚ TANKAR SJALDNAR Á RENAULT SENDIBÍL



RENAULT KANGOO, DÍSIL 1,5 L. VÉL, 90 HESTÖFL

Verð: **2.491.935** kr. án vsk.
3.090.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 4,2 l/100 km*

RENAULT TRAFIC, DÍSIL 1,6 L. VÉL, 115 HESTÖFL

Verð frá: **3.379.387** kr. án vsk.
4.190.000 kr. m. vsk.

Eyðsla frá 5,9 l/100 km*

RENAULT MASTER, DÍSIL 2,3 L. VÉL, 125 HESTÖFL

Verð frá: **4.024.194** kr. án vsk.
4.990.000 kr. m. vsk.

Eyðsla 7,8 l/100 km*



BL

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bilasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bilasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



HREINDÝR Aukin landnýting fylgir eldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Aukin sjúkdómshætta: Efins um ágæti hreindýraeldis

DÝR Starfshópur um hreindýra-eldi afhenti Sigrúnu Magnúsdóttur umhverfisráðherra niðurstöðu vinnu sinnar í gær. Í niðurstöðunum kemur fram að ekki þyki æskilegt að hefja hreindýraeldi á Íslandi ef enn á að vernda villta hreindýrastofna. Meðal rökstuðnings er aukin sjúkdómshætta í tengslum við samgang eldisdýra og villtra dýra. Þá er einnig talið að eldisbúskap á hreindýrum fylgi umtalsverð breyting á landnýtingu. - srs



Í DÓMKIRKJUNNI Kándídatarnir nutu handleiðslu presta og djákna. MYND/PORVALDUR VÍÐISSON

Prests- og djáknakándídatar: Biskup Íslands útskrifar átta

TRÚMÁL Biskup Íslands útskrifaði átta djákna- og prestsefni við hátíðlega athöfn í Dómkirkjunni í gær. Einstaklingarnir kláruðu starfsþjálfun Þjóðkirkjunnar og geta nú sótt um störf djákna og presta. Kándídatarnir hljóta ýmiss konar fræðslu og þjálfun og ganga meðal annars undir persónuleika-próf. Mikið er lagt upp úr því að kándídatarnir þekki vel starf safnaðanna áður en þau byrja að starfa sjálf á þeim vettvangi. - srs



ÖBÍ Ellen Calmon, formaður ÖBÍ, hvetur landsmenn til þátttöku í áskoruninni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÖBÍ skorar á stjórnvöld: Vilja aukin réttindi fatlaðra

SAMFÉLAG Öryrkjabandalag Íslands stendur nú að undirskriftasöfnun til að skora á stjórnvöld að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks eigi síðar en á haustþingi 2015. Samningurinn var undirritaður af íslenskum stjórnvöldum 2007 og hefur tekið gildi í 151 ríki. Fjögur Evrópulönd eiga eftir að fullgilda hann, Ísland, Finnland, Írland og Holland. Meðal réttinda sem eru tryggð í samningnum er réttur til framfærslu, annarrar félagslegrar aðstoðar og réttur til vinnu á vinnu-markaði án aðgreiningar. - ngy

Hvetur velferðarráðuneytið til að setja reglur um eftirlit með kaupum VIRK: Ítreka þriggja ára gömul tilmæli

STJÓRNSÝSLA Ríkisendurskoðun hvetur velferðarráðuneytið til að setja reglur um eftirlit með kaupum VIRK-starfsendurhæfingar-sjóðs á þjónustu. Árið 2012 sendi Ríkisendurskoðun fyrst ábendingar til ráðuneytis um úrbætur á þessu sviði. Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK, segir sjóðinn gera miklar kröfur um að þeim fjármunum, sem varið er í aðkeypta þjónustu, sé sem best varið. „Við vinnum í samræmi við bæði innkaupastefnu og gæða-

kerfi og getum upplýst ráðuneytið um öll okkar mál. Ráðherra býr yfir eftirlitsskyldu gagnvart sjóðnum og því sjálfsagt að setja reglur um þessa hluti,“ segir Vigdís. Árið 2014 keypt VIRK-starfsendurhæfingarsjóður þjónustu fyrir 920 milljónir króna sem var 80 prósentu aukning frá árinu þar á undan. - sa

VIRK Starfsendurhæfingarsjóðurinn VIRK keypti þjónustu fyrir rúmlega 900 milljónir árið 2014.



Pingmaður varaður við: Samskipti við Rússa of nánin

NOREGUR Norsku öryggislögreglinni finnst þingmaður Framfaraflokksins, Tor André Johnsen, vera í of nánum samskiptum við ákveðna starfsmenn rússneska sendiráðsins í Noregi sem að mati hennar eru njósnarar. Johnsen var ráðlagt að slíta sambandi við sendiráðsmennina. Þar sem þingmaðurinn vildi það ekki var honum sagt að fundirnir með þeim yrðu að fara fram í þinghúsinu að degi til en ekki í öðru samhengi, eins og til dæmis á veitingastað. VG greinir frá. - ibs

Kæli- og frystiskápar frá Siemens

Kæli- og frystiskáparnir frá Siemens eru vel hannaðir að innan sem utan. Í innréttingunum eru stillanlegar hillur, einstaklega björt LED-lýsing og mikið rými.

Svo að ekki þurfi að henda mat koma „crisperBox“- og „coolBox“-skúffurnar að góðum notum. „crisperBox“-skúffan er með rakastillingu sem tryggir lengur ferskleika grænmetis og ávaxta. Í „coolBox“-skúffunni er kuldinn meiri (-2° til 3° C) en annars staðar í kælinum og eykur þar með geymsluþol ferskra kjötvara og fisks. Í frystirými sambyggðu kæli- og frystiskápanna eru þrjár gegnsæjar frystiskúffur, þar af ein stór („bigBox“).

Með því að velja skápa með „noFrost“ sleppa menn alveg við að affrysta frystirýmið.

Kæli- og frystiskáparnir frá Siemens hafa mjög góða orkunýtni. Þeir eru nú allir í orkuflokki A+, A++ eða A+++.

Siemens er í fararbroddi í hönnun, tækni og nýjungum.

Smith & Norland er Siemens-umboðið á Íslandi.

Smith & Norland sinnir varahluta- og viðhaldsþjónustu af faglegum metnaði á eigin verkstæði.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

„Ég vil ekki deyja. Ekki skilja mig eftir.“

Um stríðsglæpi

Leiddar eru að því líkur að stríðsglæpir hafi verið framdir bæði af hálfu Ísraelsmanna og Palestínumanna í tengslum við árásir Ísraels hers á Gasa í fyrra. Niðurstaðan, sem sérstök rannsóknarnefnd Sameinuðu þjóðanna birti í byrjun vikunnar, kemur svo sem ekki á óvart. Í árásum og átökum sem stóðu yfir í 51 dag létu þúsundir lífið og eyðilegging á Gasa var gífurleg. Hörmungarnar voru meiri en svo að orð nái utan um þær. „Fordæmalaus eyðilegging“, segir í skýrslunni.



Óli Kristján Ármannsson

olikr@frettabladid.is

Tölfræðin talar þó sínu máli. Drepinn var 2.251 Palestínu- maður, þar af 1.462 óbreyttir borgarar, 299 konur og 551 barn. 64,9 prósent drepinna voru almennir borgarar. Slasaðir voru svo 11.231, þar af 3.540 konur og 3.436 börn. Tíu prósent varan- lega fatlaðir.

Fram kemur að sex óbreyttir borgarar hafi verið drepnir í Ísra- el, 67 hermenn og svo hafi allt að 1.600 manns meiðst. Haft er eftir opinberum tölum í Ísrael að kostnaður við skemmdir á byggingum og mannvirkjum vegna eldflaugaárása og sprengna Palestínu- manna nemi 25 milljónum dala, eða 3,3 milljörðum króna.

Á Gasa misstu um 500 þúsund manns heimili sín þessa 50 daga, um 18 þúsund byggingar voru eyðilagðar, flutningskerfi og veitur fyrir rafmagn og vatn voru eyðilögð, auk þess sem skemmdir urðu á 73 heilbrigðisstofnunum og fjölda sjúkrabíla.

Í dag er ár síðan hjálparliðar gengu fram á Bader Qdeih, sex ára dreng, innan um fólk á flótta frá þorpinu Khuza, þar sem hann var helsærður á kviði með innnyflin í höndunum og grátbað um hjálp. „Ég vil ekki deyja. Ekki skilja mig eftir,“ hrópaði drengurinn. Hann lést við varðstöð Ísraels hers þar sem hermenn létu sjúkrabíl Rauða hálfmánans bíða í minnst 20 mínútur þrátt fyrir alvarlega áverka barnsins.

Í skýrslunni eru átalín vinnubrögð Ísraels hers við rannsókn á mögulegum stríðsglæpum og vísvitandi árásum á borgara. Þannig hafi verið látin niður falla rannsókn á loftárás á börn í fótbolta við sjóinn á Gasa, 16. júlí í fyrra. Fjögur létu lífið. Að Ísraelsstjórn hafi látið hjá líða að ræða við erlenda blaðamenn og fjölda palest- ínskra sjónarvotta að atvikinu er sagt vekja grun um að rann- sóknin hafi ekki verið ýkja ítarleg.

„Ísrael fremur ekki stríðsglæpi heldur ver hendur sínar gegn félagsskap sem fremur stríðsglæpi,“ sagði Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, um skýrsluna. „Við sitjum ekki með hendur í skauti á meðan ráðist er á borgara okkar með þúsundum flugskeyta.“

Mary McGowan Davies, yfirmaður rannsóknarnefndarinnar, sagði hins vegar í Times of Israel sömu mælistiku lagða á alla, Hamas eða Ísraels her. Líklega hafði ráðherrann ekki náð að lesa skýrsluna alla.

Skýrsla Sameinuðu þjóðanna er enn ein áminningin um ófremdarástand sem ekki sér fyrir endann á. Hingað til hafa samþykktir alþjóðasamfélagsins verið að engu hafðar í Ísrael. Í Suður-Afríku tókst ekki að útrýma aðskilnaðarstefnunni fyrr en með samhentum átaki og efnahagsþvingunum. Svipuð meðöl þarf í baráttunni fyrir mannréttindum í Ísrael og Palestínu. Í þeim efnum gerðu Íslendingar vel í að stilla sér upp með þeim sem kalla á breytingar, í stað hinna sem styðja óbreytt hörmungarástand.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinnson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrun Þórsdóttir hrun@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



**GRØN
BALANCE**

Hafðu það grænt
og njóttu lífsins

*Grøn Balance
fæst í Krónunni*



KRÓNAN

FRÁ DEGI
TIL DAGS

Einelti á Alþingi

„Persónuhatrið og eineltið hér innan- húss núna, það er svo mun verra heldur en var hér á síðasta kjörtímabili og það náði nýjum hæðum þá,“ sagði Vigdís Hauksdóttir, þingkona Framsóknar- flokksins, á Alþingi á mánudaginn. Elsa Lára Árnadóttir, þingkona Framsóknar- flokksins, tók undir með flokksystur sinni og líkir hegðuninni við einelti í grunnskólum. „Á meðan þingmenn leika þennan leik sitja nokkrir þingmenn stjórnarandstöðunnar úti í sal og hlæja hæðnislega. Svo virðist að sé um skipulagða hegðun að ræða,“ sagði hún í pontu undir liðnum fundarstjórn forseta í gær. Það er mjög miður að þingmenn upplifi Alþingi sem ófriðarbæli.



Gjaldfellingin

Þrátt fyrir að eitthvað sé eflaust til í gagnrýni þeirra Elsu Láru og Vigdísar um að orðafar þingmanna fari fyrir brjóstíð á sumum, er ótækt að gera ekki greinarmun á gagnrýni og eineltis- tilburðum. Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, hafði sterkar skoð- anir á þessu á þingfundi í gær. „Hér hafa einstaka þingmenn meirihlutans háttvirtir ýjað að því að forsætisráð- herra landsins og forseti þingsins séu lagðir í einelti. Einelti verður ekki rætt ítarlega af þolendum þess af hrein- skilni án þess að fyrr eða síðar falli tár. Sem þolandi eineltis í æsku vekur það tilfinningar sem ég kann ekki við að lýsa hér of hreinskilnis- lega þegar fólk gjaldfella hugtakið einelti með þeim hætti sem hér hefur verið gert.“



Umboðslauss

Margir þingmenn eru hugsi yfir gengi flokka sinna þessa dagana. „Það verður að viðurkennast að þau 3% sem að við mælumst nú með hafa meiri áhrif á mig. Ég nýt þess ekki að vera inni á Alþingi, að manni finnst umboðslauss þessa dagana, það er bara þannig,“ segir Björt Ólafsdóttir, þingkona Bjartrar framtíðar, á Facebook. Það er hollt að velta fyrir sér skilaboðum almennings þótt það umboð sé ákveðið í kosningum. Ef Björt upplifir umboðs- leysi er fróðlegt að vita hvornig þingmenn Fram- sóknar og Samfylkingar upplifa umboð sitt eftir að hafa misst tvo þriðju hluta fylgis síns frá síðustu tvennum þingkosningum. stefanrafn@frettabladid.is

HALLDÓR



Tölvupóstsskrímslið

HJÁLPARSTARF



Sigríður Viðis Jónsdóttir kynningarstjóri og upplýsingafulltrúi UNICEF á Íslandi

Stundum ætlar stórt tölvupóstsskrímsli að éta mig. Vinnupósturinn stoppar ekki. Sumir tölvupóstdagar eru hins vegar hressari en aðrir. Sem ég sat í vinnunni hjá UNICEF á Íslandi og sendi ábendingu á fjölmiðla um börn í sárri neyð á skjálfta- svæðinu í Nepal barst athyglisverður póst- ur. Leiðtogar vopnaðra hópa í Mið-Afr- íkulýðveldinu höfðu samþykkt að sleppa öllum barnahermönnum og börnum sem tengdust hópunum: Mörgum þúsundum! Þeir höfðu líka samþykkt að hætta alfarið að nýskrá börn inn í herflokkana. UNICEF hafði yfirumsjón með samkomulaginu og hafði lengi unnið að þessu. Jess!

Annar póstur barst: Suður-Súdan, eitt fátækasta ríki heims, hafði fullgilt Barna- sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hann er grunnurinn undir allt sem UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, gerir. Núna höfðu öll ríki Sameinuðu þjóðanna nema Bandaríkin fullgilt þennan stór- merkilega sáttmála.

Dagurinn leið. Ljósmyndir bárust frá samstarfsfólki hjá UNICEF í Nepal af risavöxnu bólusetningarátaki sem var nýhafið á skjálftasvæðinu. Mikilvægt var að reyna að koma í veg fyrir að mislinga- faraldur brytist þar út. Markmið átaksins var að ná til meira en hálfrar milljónar barna hið fyrsta. Gott mál.

➔ Auk þess að leggja sitt á lóð á vogarskálarnar svo UNICEF gæti barist fyrir réttindum barna – alltaf, alls staðar.

Klukkustund síðar: Hvísl barst frá sam- starfsmanni erlendis um að nokkrum dögum seinna myndi formleg yfirlýsing verða gefin út um að Líbería væri laus við ebólu: Landið sem varð verst úti í faraldr- inum. Vó, frábært! Í baráttunni við ebólu hafði UNICEF meðal annars tekið þátt í að skipuleggja heimsóknir á yfir 400.000 heimili til að fræða fólk um hvornig koma mætti í veg fyrir smit og hvað ætti að gera ef smit kæmi upp. Rætt hafði verið við fleiri en eina milljón manna.

Í lok dags hringdi kona í Reykjavík sem er heimsforeldri hjá UNICEF og vildi hækka mánaðarlegt framlag sitt. Spurði hvort stuðningurinn kæmi ekki örugglega að gagni. Ég jätti því og sagði að dagsverk hennar væri einhvern veginn svona: Hún hefði tekið þátt í varanlegum umbótum fyrir börn í Mið-Afríkulýðveldinu, stutt neyðarhjálp í Nepal og tekið þátt í ebólu- baráttu sem væri löngu horfin úr fjölmið- um. Auk þess að leggja sitt á lóð á vogar- skálarnar svo UNICEF gæti barist fyrir réttindum barna – alltaf, alls staðar.

Kosningaloforðin við aldraða fallin í gjalddaga!

Á flokksþingi Framsóknarflokksins fyrir þingkosningar 2013 var eftirfarandi samþykkt: Lífeyrir aldraða og öryrkja verði hækkaður vegna kjaraskerðingar þeirra á krepputímum (kjaragliðnunum). Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningarnar 2013 var þetta samþykkt: Ellilífeyrir sé leiðrétur STRAX til samamburðar við þær hækkanir, sem orðið hafa á lægstu launum síðan í ársbyrjun 2009. Þessi kosningaloforð eru alveg skýr. Því var lofað skýrt og ákveðið, að kjaragliðnun krepputímans yrði leiðrétt. Þessi loforð voru endurtekin í kosningabaráttunni.

Hvernig stendur þá á því, að í dag, rúmum tveimur árum frá því þessi kosningaloforð voru gefin, er ekki farið að efna þau? Engu er líkara en, að ríkisstjórnin ætli að svíkja þessi kosningaloforð stjórnarflokkanna. Ríkisstjórnin minnst aldrei á þessi loforð. Ekkert bendir því til þess, að ríkisstjórnin ætli að efna loforðin.

Komu loforðin stjórninni til valda?

Ef til vill hafa kosningaloforðin við aldraða og öryrkja átt stóran þátt í því, að stjórnarflokkarnir komust til valda. Það er a.m.k. öruggt, að þessi stóru loforð færdi stjórnarflokkunum mjög mörg atkvæði. Ríkisstjórnin á því aðeins tvo kosti í dag: Að efna kosningaloforðin eða fara frá völdum. Væntanlega velur ríkisstjórnin fyrri kostinn og efnir kosningaloforðin. En það verður að gerast strax. Það þarf að koma fram frumvarp strax um leiðréttingu á kjaragliðnun krepputímans. Komi ríkisstjórnin ekki með slíkt frumvarp er hún umboðslaus og á að fara frá.

Það þýðir ekkert fyrir ríkisstjórnina að svara því, að það sé verið að endurskoða lög um almannatryggingar og þegar end-

KJÖR ALDRAÐRA



Björgvin Guðmundsson
formaður kjaranefndar Félags eldri borgara, Reykjavík

→ Ef til vill hafa kosningaloforðin við aldraða og öryrkja átt stóran þátt í því, að stjórnarflokkarnir komust til valda.

urskoðun ljúki komi leiðréttingar. Það er allt annar hlutur. Þar er um að ræða kerfisbreytingu til framtíðar. En kjaragliðnunin er kjaraskerðing á liðnum tíma, sem þarf að byrja á að leiðrétta og þolir ekki bið. Það þýðir heldur ekkert fyrir ríkisstjórnina að skjóta sér á bak við þetta lítilræði, sem samþykkt

var fyrir aldraða og öryrkja á sumarþinginu 2013. Eftir stendur, að ríkisstjórnin hefur ekkert gert í því að leiðrétta kjaragliðnun krepputímans. Þá leiðréttingu verður að framkvæma strax með því að hækka lífeyri um 20%. Síðan þarf að koma til viðbótar hækkan á lífeyri til samræmis við hækkan á launum verkafólks upp í 300 þúsund á mánuði.

Er ríkisstjórnin andvíg eldri borgurum?

Ef ríkisstjórnin ætlar bæði að leggjast gegn því að hækka lífeyri til samræmis við hækkan lægstu launa og svíkja loforðið um að leiðrétta kjaragliðnun krepputímans, er hún greinilega andvíg eldri borgurum og öryrkjum. Fjármálaráðherrann hefur lýst andstöðu sinni við kjarabætur til handa öldruðum og öryrkjum. Hugur hans til lífeyrisþega er ljós. Hver er afstaða annarra ráðherra? Það hefur engin ríkisstjórn lofað eldri borgurum og öryrkjum eins miklum kjarabótum og sú ríkisstjórn, sem nú situr. En ef þessi kosningaloforð verða svikin, eru það einnig stærstu svik ríkisstjórnar við lífeyrisþega.

Styrkar stoðir

Áliðnaðurinn á Íslandi er í raun ungur. Fyrir 20 árum voru 100 þúsund tonn af áli framleidd í Straumsvík, í eina álverinu sem þá var rekið á Íslandi. Í dag nemur framleiðslan 850 þúsund tonn í þremur álverum. Útflutningstekjur af áli á síðasta ári nema 227 milljörðum króna eða um 40% af útflutningsverðmæti okkar Íslendinga, sem er svipað því sem sjávarútvegur skilar.

Fyrir 20 árum voru sjávarútvegur og byggingariðnaður helstu vettvangur fyrir þjónustu íslenskra verktakafyrirtækja. Fyrir aðeins 10 árum voru erlend verktakafyrirtæki að byggja á Kárahnjúkum og í Reyðarfirði. Í dag starfa hundruð verkræðinga og hundruð tæknimanna við að þjónusta áliðnað á Íslandi – og erlendis. Nú eru íslensk verktakafyrirtæki í stakk búin til að taka að sér hvaða verkefni sem er. Það er þekkingin sem ávannst við virkjanir fyrir álver sem hefur skapað þessa kunnáttu og verðmæti.

Ófugt við það sem sumir halda, eru ekki einungis þrjú álfyrirtæki á Íslandi, heldur skipta þau hundruðum. Þessi styrkur og breidd kom berlega í ljós á glæsilegum haustfundi íslenska álklasans þegar fulltrúar 80 fyrirtækja og stofnana komu saman. Ný fyrirtæki hafa sprottið upp í kringum áliðnaðinn og það segir sína sögu að árið 2014 keyptu álverin þjónustu af um 700 fyrirtækjum fyrir um 25 milljarða.

Í nýrri skýrslu Hagfræðistofnunar kemur fram að um 10% af vergri landsframleiðslu verða til vegna þessara fyrirtækja, fyrirtækja í orku-áliðnaði. Það eru 10% af allri verðmætasköpun í landinu.

Eins og myndin sýnir þá hefur hlutur iðnaðar vaxið umtalsvert þegar kemur að útflutningsverðmætum íslensku þjóðarinnar.

Við Íslendingar sannreynum fyrir nokkrum árum hve miklu það skiptir að hafa hér öflugan grunnatvinnuvegi. Atvinnuvegi sem skapa þjóðinni verðmætar útflutningsvörur og gjaldeyriskjör þegar mest á reynir

IÐNAÐUR



Ragnar Guðmundsson
forstjóri Norðuráls


→ Áliðnaðurinn hefur skapað gríðarleg verðmæti fyrir þjóðina. Um 1.500 manns starfa við áliðnaðinn.

og flest annað bregst. Þessir grunnatvinnuvegir eru sjávarútvegur og áliðnaður. Þá er ástæða til að gleðjast yfir vexti ferðaíðnaðar.

Áliðnaðurinn hefur skapað gríðarleg verðmæti fyrir þjóðina. Um 1.500 manns starfa við áliðnaðinn. Afleidd störf eru um 5.000. Mikill og öflugur þekkingariðnaður hefur skapast í kringum áliðnaðinn og verðmæti orkufyrirtækja.

Styrkleikar okkar sem samfélags til aukinnar atvinnusóknar og uppbyggingar liggja einkum á þremur sviðum. Sjávarútvegi, ferðamennsku, og grænum orkuiðnaði. Þetta eru meginstöðirnar og uppbygging þeirra getur og á að fara saman. Þetta eru styrkar stoðir sem framþróun, nýsköpun og sprotastarf byggir á. Grunnforsendan er alltaf öflugur grunnatvinnuvegir.

VÖRUÚTFLUTNINGUR FRÁ ÍSLANDI





Innovation that excites

NISSAN FJÖLSKYLDAN

BÝÐUR UPP Á SPENNANDI NÝJUNGAR



NÝR NISSAN NOTE
VISIA, DÍSIL, BEINSKIPTUR – EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
2.850.000 KR.



NÝR NISSAN PULSAR
ACENTA, DÍSIL, BEINSKIPTUR – EYÐSLA 3,6 L/100 KM*
3.590.000 KR.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bva.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



MERKISATBURÐIR

- 1000** Kristni er lögtekin á Alþingi.
- 1128** Portúgal verður sjálfstætt ríki eftir orrustuna við São Mamede.
- 1314** Englendingar bíða afhröð í orrustunni við Bannockburn.
- 1497** Giovanni Caboto kemur að landi í Norður-Ameríku.
- 1618** Morðbréfamálið: Jón Ólafsson lögréttumaður kærir Guð-brand Þorláksson biskup fyrir eftirlitsmönnum konungs.
- 1627** Tyrkjaránið: Jan Janszoon siglir skipi sínu frá Íslandi til Salé þar sem hann selur fanga sína í ánað.
- 1628** Danmörk og Svíþjóð gera með sér bandalag til að aflétta umsátri keisararahersins um Stralsund.
- 1670** Stenka Rasín ræðst inn í Astrakan, rænir borgina og stofnar þar kósakkalýðveldi.
- 1701** Breska þingið festir í lög að þjóðhöfðinginn verði að vera mótmælendatrúar.
- 1961** Sigurhæðir á Akureyri, hús Matthíasar Jochumssonar, er opnað sem safn í minningu skáldsins.
- 1968** Atlantshafsbandalagið heldur ráðherrafund á Íslandi í fyrsta sinn.



23. JÚNÍ 1983

Lech Walesa á fund Jóhannesar Páls páfa II.

Pennan dag árið 1983 hélt Jóhannes Páll páfi II. einkafund með Lech Walesa, leiðtoga Samstöðu, sjálfstæðrar verkalyðshreyfingar í Póllandi sem hafði verið bönnuð árið 1981 þegar herlög voru sett í landinu. Páfinn og Walesa funduðu í Tatra-fjöllum í suðurhluta landsins við lok heimsóknar páfans.

Talið er að páfinn hafi ráðlagt Walesa að treysta á ráð kaþólsku kirkjunnar í stað þess að skipuleggja mótmæli á götum úti, til þess að koma til leiðar umbótum í pólitísku landslagi Póllands. Þá er talið að páfinn hafi fært Walesa þær fregnir að líklegt væri að herlögnum yrði aflétt með

haustinu. Þetta var önnur heimsókn páfans í föðurland sitt síðan hann tók við embætti. Lech Walesa var trúfastur kaþólikki og frami hans varð nokkuð samhliða því að Jóhannes Páll settist í páfastól. Herlögum var aflétt aðeins mánuði eftir heimsókn páfans og fengu pólitískir fangar sakaruppgjöf. Árið 1983 hlaut Lech Walesa friðarverðlaun Nóbels og á næstu árum voru lögð drög að lýðræði í Póllandi.

Árið 1989 vann Samstaða, flokkur Walesa, mikinn sigur í kosningum og tók þátt í meirihlutastjórn. Árið eftir var Walesa kosinn forseti Póllands og tók hann til við markaðsvæðingu hagkerfis landsins.



FALLEG GÖNGULEIÐ ÁRNY segir gönguleiðina á allra færi en meðal annars er gengið með vesturbakka Jökulsárlóns. MYND/ÞORVARDIARNASÝNI

Hluti af gönguleiðinni Jöklastíg opnaður í dag

Leiðin, sem er rúmir 15 km að lengd, tengir saman þrjú jökullón, Jökulsárlón, Breiðárlón og Fjallsárlón. Gangan er á allra færi en stefnt er á að opna fleiri gönguleiðir á svæðinu.

Í dag verður gönguleiðin Breiðármörk opnuð en gönguleiðin er fyrsti hluti af heildargönguleiðinni Jöklastígur sem staðsett er í sveitarfélaginu Hornafirði og fer meðfram suðurbrún Vatnajökuls.

„Árið 2013 var byrjað að vinna að þessum fyrsta legg gönguleiðarinnar en hugmyndin er eldri og var sett inn í aðalskipulag sveitarfélagsins,“ segir Árdís Erla Halldórsdóttir, atvinnu- og ferðamálafulltrúi sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Hugmyndin er að byggja upp gönguleið frá Öræfum og yfir í Lón og mun Jöklastígurinn tengjast inn á fyrirliggjandi slóða og gönguleiðir á svæðinu.

Gönguleiðin sem opnuð verður í dag er um fimmtán kílómetra löng og tengir saman þrjú jökullón, Jökulsárlón, Breiðárlón og Fjallsárlón, og hefst athöfnin við bílastæðið við Fjallsárlón.

„Svo er annar leggur sem er alveg að verða tilbúinn, stígurinn er klár og stíkur er lokið en það er verið að byggja brýr,“ segir Árdís, en sá leggur leiðarinnar nær frá Haukafelli í austri að Skálafelli í vestri.

Hún segir gönguna fallega fyrir augað og á leiðinni eru fræðsluskilti með ýmiss konar gagnlegum, fróðleg-

um og skemmtilegum upplýsingum meðal annars um gróðurfar, fuglalíf og sambyli manns og jökuls og segir Árdís gönguna á flestra færi. „Þetta er fyrir fuglaáhugamenn, fjölskyldufólk og eiginlega breiðan hóp,“ segir hún glöð í bragði og bætir við: „Ekki kannski ef þú ætlar að fara að reyna á þig í erfðisgöngu en samt sem áður ganga sem allir ættu að njóta. Það er meðal annars gengið alveg með öllum vesturbakka Jökulsárlóns sem er ofboðslega falleg ganga.“

Líkt og áður sagði hófst framkvæmd verkefnisins árið 2013 og er markmið þess að auka afþreyingu og fræðslu fyrir ferðamenn sem heimsækja svæðið og stýra umferð um það þannig að svæðið bíði ekki skaða af. Árdís segir svæðið fremur snjólétt og því ætti að vera hægt að ganga leiðina allt árið um kring. „Þeir sem eru á ferðinni hvenær sem er ársins geta gengið leiðina eða hluta hennar. Það er hægt að ganga hluta hennar og til baka aftur,“ segir Árdís og því geta göngugarpar sniðið sér stakk eftir vexti og þurfa ekki endilega að ganga alla fimmtán kílómetrana.

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra mun opna leiðina



FRÆÐSLUSKILTÍ Hér er unnið hörðum höndum að því að koma upp fræðsluskilti sem geymir ýmsar upplýsingar. MYND/ÁRDÍS

formlega klukkan 12.00 og einnig heldur Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri sveitarfélagsins Hornafjarðar, ræðu við tilefnið. Göngubæklingur frá Ríki Vatnajökuls verður kynntur og dreift til gesta og farið verður í stutta göngu í nærumhverfinu. Að því loknu býður sveitarfélagið til kaffisamsætis í Þórbergssæti að Hala í Suðursveit. „Það eru allir velkomnir og við vonumst til þess að sjá sem flesta,“ segir Árdís glöð í bragði að lokum.

gydaloa@frettabladid.is

+

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,
BERNHARÐUR MARSELLÍUS GUÐMUNDSSON
sem lést 17. júní sl., verður jarðsungið frá Ísafjarðarkirkju mánudaginn 29. júní kl. 14.
Guðrún H. Jónsdóttir
börn, tengdabörn, barnabörn, langafa- og langalangafabörn.

+

Elskulegur bróðir minn, mágur og frændi,
STEFÁN ÞÓR TRYGGVASON
frá Vestmannaeyjum,
Espigerði 16, Reykjavík,
lést á Landspítalanum föstudaginn 19. júní 2015. Útförin fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 29. júní kl. 13.00.
Ólafur Tryggvason, Júlía Tryggvadóttir og aðrir aðstandendur.

+

Móðir okkar og tengdamóðir,
VALGERÐUR JÓNSDÓTTIR
frá Skarði í Dalsmynni,
lést þriðjudaginn 9. júní sl.
Útför hennar verður gerð frá Laufáskirkju laugardaginn 27. júní.
Þeim sem vilja minnast Valgerðar er bent á Grenilund, sambyli aldraðra á Grenivík.
Jóhanna Sigurlaug Daðadóttir
Sigrún Jóna Daðadóttir
Líney Soffía Daðadóttir
Hermann Skírniir Daðason
Jórlaug Valgerður Daðadóttir
Jón Heiðar Daðason
Svava Guðrún Daðadóttir
Ármann Óskar Jónsson
Finnur Finnsson
Gísli Sigurgeir Arnason
Ólöf Tryggvadóttir
Jón Stefán Ingólfsson
Lára Svansdóttir
Gestur Ragnar Davíðsson
og fjölskyldur.

+

Útför systur minnar og frænku okkar,
BJARKAR JÓNSDÓTTUR HALLGRÍMSSON
Lindargötu 26, Siglufirði,
fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 27. júní kl. 14.
Fyrir hönd aðstandenda,
Hrönn Jónsdóttir

+

Bróðir minn, hann
JÓNAS SÍMONARSON
varð bráðkvaddur á heimili sínu, Reykjavíkurvegi 34 í Hafnarfirði, þann 13. júní sl. Útförin fór fram í kyrrþey þann 22. júní. Sérstakar þakkir til allra þeirra sem komu að henni.
Fyrir hönd
Ásdísar Símonardóttur og fjölskyldu hennar.

+

Innilegustu þakkir fyrir samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,
PÉTURS EGGERTSSONAR
fyrirverandi pósthúlltrúa,
Fornhaga 15, Reykjavík.
Sérstakar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Skjólís fyrir góða umönnun og alúð.
Halldór G. Pétursson
Eggert Pétursson
barnabörn og barnabarnabörn.
Guðríður Gyða Eyjólfssdóttir
Hulda Hjartardóttir

+

Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
STEFANÍA INGÓLFSDÓTTIR
frá Melbrún, Fáskrúðsfirði,
sem lést 21. júní á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Uppsölum, verður jarðsungið frá Fáskrúðsfjarðarkirkju laugardaginn 27. júní kl. 14.
Sveinn Sigurjónsson
Kristín Friðriksdóttir
Árni Friðriksson
barnabörn og barnabarnabörn.
Erla Skaftadóttir
Fíosi Ingólfsson

OYSTER PERPETUAL
YACHT-MASTER II

ROLEX



MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 24. júní 2015 | 25. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | [visir](http://www.visir.is) www.visir.is

FINGRAFÖRIN
OKKAR ERU
ALLS STAÐAR!



Guðjón Ó
VISTVÆNA PRENTSMÍÐJAN

BJARGAÐ Á ELLEFTU STUNDU

- Líklegast er að Grikklandi verði bjargað frá greiðsluþroti
 - Steingrímur J. Sigfússon telur að afstýra hefði mátt miklum þjáningum
 - Skattar verða hækkaðir og breytingar gerðar á lífeyrissjóðakerfinu
- SÍÐUR 6 - 7**

Innistæða fyrir herra verði

Innistæða er fyrir hækkunum á gengi bréfa í öllum skráðu fasteignafélögum þremur, samkvæmt nýju verðmati fjármála- og hagfræðiráðgjafar Capacent. Capacent telur að innistæða sé fyrir 11,7 prósentu hækkun á gengi bréfa í Reitum, 18,9 prósentu hækkun á gengi bréfa í Eik, og 23,8 prósentu hækkun á gengi bréfa í Regin. Snorri Jakobsson, sérfræðingur hjá Capacent, telur að kaup Regins á Fastengi hafi verið mjög arðbær fjárfesting. → **SÍÐA 4**



Tæplega 30 prósent aukning

Heildarvelta hvalaskoðunarfyrirtækisins Norður-siglingar nam 496 milljónum króna á síðasta ári samanborið við 384 milljónir króna árið áður. Þetta kemur fram í samandregnum ársreikningi félagsins, sem nýlega var birtur í fyrirtækjaskrá. Í ársreikningnum kemur fram að gert sé ráð fyrir að reksturinn í ár verði með svipuðu móti og undanfarin ár. → **SÍÐA 8**

Edda spriklar í byrjun dags

Edda Hermannsdóttir hefur tekið við starfi samskiptastjóra Íslandsbanka. Edda segir að það hafi ekki verið mjög langur aðdragandi að ráðningu hennar. „Þetta gerist allt frekar fljótt. Og í rauninni hafði ég aldrei hugsað mér að starfa í banka,“ segir Edda. Hún kennir leikfimi í World Class. Hún hyggst kenna leikfimina áfram. „Ég þrífst hvort eð er ekkert öðruvísi en að sprikla í byrjun dags,“ segir hún. → **SÍÐA 8**



**STJÓRNAR-
MADURINN**

@stjornarmadur

Grikkir skera sig úr öðrum lántakendum að því leyti að þeim hefur nánast í engu tekist að fylgja skilyrðum lánaardrottna. → **SÍÐA 12**

Sjónmælingar í Optical Studio

Tímapantanir í síma:

Optical Studio í Smáralind
sími 5288500


Optical Studio í Keflavík
sími 4213811

Optical Studio í Leifsstöð
sími 4250500

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

Truflandi mótmæli

Skjóðan



Á SJÁLFAN þjóðhátíðardaginn mætti fólk niður á Austurvöll til að mótmæla og trufla það sem fyrir broddborgurum, og þá sérstaklega þeim sem boðnir eru í herlegheitin, er heilög stund. Með hávaða, bumbuslætti og gjallarhornum var ríkisstjórn Íslands mótmælt á meðan forsetinn lagði blómsveig að stytta Jóns Sigurðssonar, forsætisráðherrann og fjallkonan fluttu ávörp og kórar sungu þjóðsönginn og ættjarðarlög.

BRÉFRITARI Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins getur ekki á heilum sér tekið. Hann segir mótmælendur engan rétt hafa til að trufla og eyðileggja hátíðarstund. Samferða-

menn bréfitara til fyrirheitna landsins, sem oft hafa talað fyrir frelsi og gegn helsi, fullyrða nú að réttur fólks til að koma skoðunum sínum á framfæri þýði ekki að hver sem er megi segja skoðun sína hvar og hvenær sem er, heldur aðeins að ekki megi banna mönnum að tala alltaf og alls staðar.

ÞAÐ ER AUÐVITAÐ alveg ólíðandi að fólk sé með læti og uppástöndugheit þegar helstu ráðamenn og betri borgarar þessa lands koma saman ásamt fulltrúum erlendra ríkja til að minnast lýðveldisstofnunar. Slík mótmæli trufla og eyðileggja stundina fyrir þeim sem hennar vilja njóta. Löglega kjörin stjórnvöld heyrta ekki í sjálfum sér fyrir látunum í mótmælendum.

VITANLEGA fer betur á því að mótmæli gegn stjórnvöldum fari fram þannig að

pau trufla engan og þá alls ekki stjórnvöld. Í stað þess að trufla hátíðarstundir fyrir broddborgurum og erlendum sendimönnum færi betur á því að mótmæli gegn stjórnvöldum fari fram t.d. í gamla Kolaportinu undir Seðlabankanum milli kl. 2 og 4 að næturlagi, þegar enginn er að vinna í bankanum og lög-mæt stjórnvöld sofa svefni hinna réttlátu.

EINHVERJIR kvarta undan því að ómögulegt sé að átta sig á hverju verið er að mótmæla. Sumir mótmæla lagasetningu á löglega boðuð verkföll á meðan aðrir mótmæla tilraunum stjórnvalda til að afsala verðmætum þjóðarauðlindum varanlega til fárra. Einhverjir mótmæla slæmum kjörum aldraðra og öryrkja og aðrir því að matarverði sé haldið uppi með höftum í þágu

úrelts landbúnaðarkerfis á kostnað neytenda.

SVO ERU ÞAÐ þeir sem mótmæla vegna þess að þrátt fyrir metnaðarfulla stöðugleikaáætlun hefur ríkisstjórninni mistekist að snúa af þeirri braut stöðunar og lífsskjaraskerðingar sem leitt hefur til þess að fólksflótti eykst nú á ný úr landi sem virðist ekki geta forgangsraðað í þágu heilbrigðisþjónustu og menntunar.

SÍÐUSTU TVEIMUR ríkisstjórnnum hefur mistekist margt en báðum tekist vel að sameina ólíka þjóðfélagshópa í andstöðu við stjórnvöld. Auðvitað er það truflandi þegar fólk mætir til að mótmæla en eiga ekki mótmæli einmitt að trufla?

SKJÓÐAN er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

MIÐVIKUDAGUR 24. JÚNÍ
Hagstofan – Vinnumarkaður í maí 2015

FIMMTUDAGUR 25. JÚNÍ
Þjóðskrá – Fjöldi útgefna vegabréfa
Hagstofan – Nýskráningar og gjaldþrot fyrirtækja

FÖSTUDAGUR 26. JÚNÍ
Seðlabanki Íslands – Útgáfudagur

Hagvísan
Hagstofan – Vísitala neysluverðs í júní

ÞRIÐJUDAGUR 30. JÚNÍ
Hagar – Uppgjör 1. ársfjórðungs
Hagstofan – Verðmæti sjávaraflla janúar til mars 2015

FÖSTUDAGUR 3. JÚLÍ
Hagstofan – Þjóðhagsspá að sumri

Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir

Sigurður í mál við ríkið vegna kaupréttar

Sigurður Einarsson hefur stefnt íslenska ríkinu vegna skattlagningar á kauprétti hans hjá Kaupþingi fyrir hrún. Tapi Sigurður málinu gæti hann þurft að greiða yfir 700 milljónir króna í skatt.

Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, hefur stefnt íslenska ríkinu fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur til að fá úrskurð Ríkisskattstjóra og Yfirskattanefndar til að fá skattlagningu á kauprétti hans hjá Kaupþingi á árunum 2006 til 2008 hnekk.

Sigurður Einarsson telur að kaupréttirnir sem hann nýtti sér hafi verið skattskyldir í Bretlandi þar sem hann var búsettur og hann hafi þegar greitt það sem honum ber þar í landi. Þetta féllust íslensk skattayfirvöld ekki á.

Tapi Sigurður málinu mun hann líklega þurfa að greiða yfir 700 milljónir króna í tekjuskatt þar sem kaupréttir eru skattlagðir sem laun.

Skattstofninn miðast við mismun markaðsgengis hlutabréfanna og þess gengis sem kveðið er á í kaupréttarsamningunum en Sigurður keypti hlutabréfin á genginu 303. Árið 2006 keypti Sigurður 1.624 þúsund hluti og 812 þúsund hluti bæði árin 2007 og 2008.

Ríkisskattstjóri segir skattstofn vegna kaupréttanna nema



SIGURÐUR EINARSSON Yfir 700 milljónir króna eru í húfi fyrir Sigurð vegna skattlagningar á Kauprétti. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

1,6 milljörðum króna. Þá bætti embættið 25 prósentu álagi við skattstofninn þar sem Sigurður gerði ekki grein fyrir tekjunum hér á landi. Samanlagt nemur skattstofninn því tveimur milljörðum króna.

Sigurður byggir málarekstur sinn á því að hann hafi notið kaupréttanna á grundvelli ráðningarsamnings sem hann, einn

stjórnarmanna, hafði gert við Kaupþing og fólst m.a. í störfum fyrir Kaupþing í Bretlandi.

Ríkisskattstjóri og Yfirskattanefnd telja hins vegar að kaupréttirnir séu hluti af hefðbundnum launagreiðslum hans fyrir störf hans sem stjórnarformaður Kaupþings og því skattskyld hér á landi.

- ih

Gengi félaga í Kauphöll Íslands

8
Á UPPLÉIÐ

Félög sem hækkuðu í verði

8
Á NIÐURLEIÐ

Félög sem lækkuðu í verði

0
STÓÐU Í STAÐ

Félög sem stóðu í stað

MESTA HÆKKUN

NÝHERJI

97,1% frá áramótum

BANK NORDIC

4,2% í síðustu viku

MESTA LÆKKUN

TM

-27,0% frá áramótum

ÖSSUR

-2,1% í síðustu viku

Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq Iceland

Félag	Gengi í gær	Frá áramótum	Vikubreyting
Bank Nordic (DKK)	124,00	19,2%	4,2%
Eik fasteignafélag*	6,27	-7,8%	-0,5%
Eimskipafélag Íslands	215,00	-9,3%	-1,1%
Fjarskipti (Vodafone)	38,60	10,3%	-0,5%
Hagar	36,60	-9,5%	1,5%
HB Grandi	41,05	21,4%	1,4%
Icelandair Group	24,50	14,5%	0,4%
Marel	186,00	34,8%	-0,5%
N1	38,05	64,0%	1,7%
Nýherji	10,21	97,1%	-1,4%
Reginn	14,20	4,8%	-0,1%
Reitir*	63,80	0,5%	0,3%
Sjóvá	10,21	-14,6%	0,4%
Tryggingamiðstöðin	19,20	-27,0%	1,3%
Vátryggingafélag Íslands	7,82	-13,6%	-0,6%
Össur	475,00	31,6%	-2,1%
Úrvalsvísitalan OMXI8	1.452,66	10,8%	0,3%

First North Iceland

Century Aluminum	3.300,00	0,0%	0,0%
Hampiðjan	25,50	12,8%	-1,9%
Sláturfélag Suðurlands	1,40	-24,3%	0,0%

*Skráð á árinu (þróun frá útboðsgengi).



Í REYKJAVÍK Sala á íbúðum í eigu íbúðalánasjóðs gengur vel. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

Seldu 145 íbúðir í síðasta mánuði:

ÍLS á 1.600 íbúðir

Íbúðalánasjóður átti 1.559 fullnustueignir í lok maí síðastliðins. Sjóðurinn seldi 145 eignir í mánuðinum en á sama tíma bættust við 39 nýjar fullnustueignir. Jafnframt voru tvær eignir afturkallaðar eftir að samþykkisfresti uppboðs lauk og fækkaði því fullnustueignum í maí um 108 eignir.

Í mánaðarskýrslu Íbúðalánasjóðs sem kom út í gær kom fram að frá áramótum og til loka maí-mánaðar hafa þá verið seldar samtals 487 eignir en á sama tíma hafa bæst við 157 nýjar fullnustueignir í eignasafnið.

- jhh

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T





Make it matter.



Margur er knár þótt hann sé smár.

HP EliteBook Folio 1020 Special Edition.

Mjög örugg, einstaklega sterkbyggð og fallega hönnuð.

- Orkusparandi Intel® Core™ M örgjörvi
- Aðeins 15,7mm þunn
- Aðeins 1 kg.
- 9 tíma rafhlöðuending
- Með 12,5" Quad HD skjá
- Ytra byrði úr Magnesium-Lithium
- Stóðst 13 próf samkvæmt Mil-Spec 810G staðlinum

Nánari upplýsingar um HP EliteBook fartölvurnar eru á www.ok.is/elitebook/

*Intel, merki Intel, Intel Inside, Intel Core og Core Inside eru vörumerki Intel Corporation í Bandaríkjunum og/ella öðrum löndum.



OPIN KERFI

Opin kerfi hf. | Höfðabakka 9 | 110 Reykjavík | www.ok.is | sala@ok.is | sími 570 1000



EYRÚN INGA-DÓTTIR Það kom Eyrúnu á óvart hve hátt hlutfall starfar við lögfræði. AÐSEND MYND

Það kom framkvæmdastjóra LÍ á óvart hve margir vinna lögfræðistörf:

Flestir útskrifaðir fá vinnu við lögfræði

Alls unnu 69 prósent þeirra sem útskrifuðust með meistaraþráðu úr lögfræði á síðasta ári störf tengd lögfræði í apríl síðastliðnum samkvæmt könnun Lögmannafélags Íslands (LÍ).

„Þessar niðurstöður eru betri en við bjuggumst við miðað við umræðuna þó vissulega sé ekki jafn auðvelt að fá vinnu núna og það var,“ segir Eyrún Ingadóttir, framkvæmdastjóri LÍ.

Alls 77 af þeim 111 sem svöruðu könnuninni störfuðu við lögfræði, 17 unnu annars konar störf og 17 voru atvinnulausir.

Meðallaun hinna nýútskrifuðu lögfræðinga voru um 535 þúsund krónur á mánuði samkvæmt könnuninni. Laun karla voru að meðaltali 30 þúsundum króna hærri en kvenna en

ekki var merkjanlegur munur á hvers konar störf kynin unnu eða hve margar vinnustundir.

Flestir þeirra sem útskrifuðust úr HÍ fengu lögfræðistarf (45 af 55), þar á eftir nýútskrifaðir úr HR (27 af 42), svo Háskólanum á Bifröst (3 af 7) en Háskólinn á Akureyri rak lestina (2 af 8).

Alls unnu 28 prósent þeirra sem svöruðu könnuninni á lögmannsstofu, 24 prósent hjá hinu opinbera, 10 prósent hjá opinberum aðilum eða sveitarfélögum og 7 prósent hjá fjármálastofnun.

Fimmtungur þeirra sem svöruðu könnuninni töldu líklegt að þeir myndu velja annað nám en lögfræði ef þeir væru að hefja háskólanám nú.

-ih



TURNINN Í SMÁRANUM Á meðal þeirra eigna sem Eik keypti fáeinum mánuðum áður en félagið var skráð á markað voru stórar eignir í Kópavogi. FRÉTTABLAÐID/GVA

Öll fasteignafélögin gætu hækkað í verði

Öll fasteignafélögin í Kauphöllinni gætu hækkað í verði, samkvæmt nýju verðmati Capacent. Sérfræðingur telur að upplýsingar um Regin mættu vera betri og skráning Eikar hafi verið ótímabær.

Innistæða er fyrir hækkunum á gengi bréfa í öllum skráðu fasteignafélögum þremur, samkvæmt nýju verðmati fjármála- og hagfræðiráðgjafar Capacent.

Capacent telur að innistæða sé fyrir 11,7 prósentu hækkun á gengi bréfa í Reitum, 18,9 prósentu hækkun á gengi bréfa í Eik, og 23,8 prósentu hækkun á gengi bréfa í Regin.

Snorri Jakobsson, sérfræðingur hjá Capacent, telur að kaup Regins á Fastengi hafi verið mjög arðbær fjárfesting. Sú fjárfesting hefði átt að endurspeglast í genginu en virðist samt ekki hafa gert það. Hann telur að Reginn sé vanmetið félag, en upplýsingagjöf félagsins mætti vera betri. Í skráningarlýsingu Eikar hafi til að mynda birst mjög nákvæmar upplýsingar um eignirnar. „Þar segja þeir nákvæmlega hver fjöldi leigutaka er, á hvaða svæði og hvers konar húsnæði það er,“ segir Snorri.

Þessar upplýsingar vanti hjá Regin. „Við metum framtíðarvöxtinn út frá eignasamsetningu og staðsetningu,“ segir Snorri. Hann bætir við að erlendar rannsóknir hafi sýnt að á fasteignamarkaði geti staðsetningin skipt öllu máli, einkum þegar um er að ræða verslunarhúsnæði eða hótél. „Þessar

GREFUR UNÐAN TRÚVERÐUGLEIKA

Capacent gagnrýnir að stærsti eigandi fasteignafélaganna Eikar og Reita hafi jafnframt séð um skráningu félaganna. „Eigandinn situr beggja vegna borðsins: Þannig ákvarðar skráningaraðili, sem jafnframt er stærsti eigandi félaganna Reita og Eikar, útboðsgengi. Auk þess hefur skráningaraðilinn mikil áhrif á upplýsingagjöfina bæði í gegnum eignarhald og umsjón með skráningu. Framangreind vinnubrögð eru til þess fallin að grafa undan trúverðugleika bæði skráningaraðila og þess fyrirtækis sem selt er. Þannig er skráningaraðilinn bæði í hlutverki fjárfestis og þjónustuaðila. Ólíklegt er að slík vinnubrögð þættu eðlileg í nágrannalöndum okkar,“ segir í skýrslu Capacent.

upplýsingar þurfa allar að vera fyrir hendi svo hægt sé að greina eignasafnið betur,“ segir Snorri.

Þann 20. desember 2013 var tilkynnt um kaup fasteignafélagsins Eikar á fasteignafélaginu Landfestum og samþykkti Samkeppnisettirlitið kaupin á árinu 2014. Eik var svo skráð á markað í apríl síðastliðnum. Að mati Capacent leið of skammur tími milli kaupanna á Landfestum og skráningar félagsins. „Það er almennt ráðlagt, áður en fyrirtæki fara á markað, að það sé stöðugleiki í rekstri og ekki miklar breytingar svo það sé auðveldara að gera sér grein fyrir framtíðarrekstrinum,“ segir Snorri. Hann bendir á að rekstrarárið 2014 endurspegli engan veginn rekstrarárið 2015. „Hvernig áttu að verðmeta fyrirtækið þegar þú gerir þér enga

„Það er almennt ráðlagt, áður en fyrirtæki fara á markað að það sé stöðugleiki í rekstri.“

SNORRI JAKOBSSON



grein fyrir framtíðarrekstrinum?“ spyr Snorri og bætir því við að ekki sé mælt með því að menn fari í útboð svo snemma eftir að keyptar eru stórar eignir. „Ekki nema að vera með þeim mun betri rekstrarátætlun.“

jonhakon@frettabladid.is



ÓSÁTTUR Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og fulltrúi í efnahags- og viðskiptanefnd, er ósáttur við viðbrögð bankanna. FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Segir stóru viðskiptabankana þrjá engu svara um stöðu gengislána:

Þingmaður ósáttur við viðbrögð banka

„Afstaða bankanna einkennist af hroka og virðingarleysi fyrir hagsmunum almennings,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Hann er ósáttur við viðbrögð bankanna við fyrirspurn hans um gengislán hjá þremur stærstu bönkunum.

Hann spurði fjármála- og efnahagsráðherra út í stöðu gengislána hjá Landsbankanum, Íslandsbanka og Arion. Guðlaugur segir að bankarnir hafi dregið að svara fyrirspurnunum sem beint var að ráðherranum, en þremur mánuðum eftir að fyrirspurnin kom fram hafi verið svarað. Guðlaugur segir að Landsbankinn hafi engu svarað efnislega en látið að því liggja að engin mál séu í ágreiningi við viðskiptavini. Guðlaugur segist þó hafa vitneskju um fjölda ágreiningsmála á milli bankans og viðskiptavina hans. Guðlaugur segir að Íslandsbanki hafi ekki svarað og vísað í gögn þar sem svör við þessum upplýsingum sé ekki að finna. „Arion banki svar-

„Það eru stórar fréttir ef Alþingi og almenn-ingur munu ekki fá upplýsingar um bankastarfsemi.“

aði heldur ekki og sagði berum orðum að: „Alþingi gegni ekki eftirlitshlutverki gagnvart bankanum.“ Með öðrum orðum, ykkur kemur þetta ekki við!“ segir Guðlaugur

„Það eru stórar fréttir ef Alþingi og almenn-ingur munu ekki fá upplýsingar um bankastarfsemi í framtíðinni. Það skal ítrekað að hér var spurt um mjög stóra hagsmuni fyrir fyrirtæki og heimilin í landinu. Ég mun ekki láta hér við sitja og hef vakið athygli forseta þingsins á þessu svarleysi,“ segir Guðlaugur. -jhh

Slitastjórn Byrs gagnrýnir frumvörp um stöðugleikaskatt og uppgjör fjármálafyrirtækja harðlega:

Verði ekki samþykkt óbreytt

„Ég held að frumvörpin geti aldrei orðið óbreytt að lögum eins og þau líta út í dag,“ segir Eva Helgadóttir, formaður slitastjórnar Byrs, um frumvörp um stöðugleikaskatt og uppgjör fjármálafyrirtækja sem lögð voru fyrir Alþingi þann 1. júní.

Eva telur það ekki standast að hvergi sé tekið fram í frumvörpunum hvernig samþykki Seðlabanka Ísland fáiast sem sé eitt skilyrði þess að nauðasamningar verði samþykktir.

Í umsögn slitastjórnar Byrs um frumvörpin til efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis er bent á

að engin kerfisáhætta sé vegna uppgjors Byrs þar sem eignir Byrs nemi einungis 7 milljörðum króna.

Slitastjórnin leggur til að skattstofn stöðugleikaskatts slitabúanna verði miðaður við eignir umfram sjö milljarða. Slitastjórnin segist áskilja sér rétt til að höfða dómsmál verði stöðugleikaskattur lagður á eignir búans.

Þá sé það ekki algjörlega í höndum Byrs að ljúka nauðasamningum fyrir næstu áramót þar sem Íslandsbanki hafi höfðað dómsmál gegn bankanum sem ekki sé ljóst hvenær niðurstaða fáiast í. -ih



BYR Byr fór í slitameðferð árið 2010. FRÉTTABLAÐID/PJETUR



SUBARU

Confidence in Motion

NÝR SUBARU

ER ÖRUGGUR VALKOSTUR



Subaru XV BOXER, bensín, sjálfskiptur
Verð 5.090.000 kr.
Eyðsla 6,6 l/100 km*

SUBARU FORESTER



Forester PREMIUM BOXER, dísil, sjálfskiptur
Verð 6.090.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

SUBARU OUTBACK



Outback PREMIUM BOXER, sjálfskiptur
Með öryggismyndavélum
Verð 6.290.000 kr.
Eyðsla 6,0 l/100 km*

SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

Rekstraröryggi og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og stengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





MÓTMÆLT Í APENU Mótmælendur komu saman við þinghúsið í Apenu á mánudaginn, á sama tíma og leiðtogar evruríkjanna komu saman til þess að ræða vandann í Grikklandi. Viðmælendur Markaðarins eru sammála um að vandi Grikkja verði leystur til skamms tíma. Til lengri tíma litið glímur ríkissjóður landsins aftur á móti við mikinn vanda.

FRÉTTABLAÐID/IEPA

Grikkjum bjargað á elleftu stundu

Steingrímur J. Sigfússon, fyrrverandi fjármálaráðherra, segir skelfilegt að sjá Grikki engjast um árum saman við erfiðar efnahagsaðstæður. Líklegast er búið að bjarga gríska ríkinu frá greiðsluþroti um mánaðamótin.

ÚTTEKT

Jón Hákon Halldórsson
jonhakon@frettabladid.is



Það er skelfilegt að sjá gríska þjóðina engjast um í þessu ástandi mánuðum og misserum og árum saman, segir Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður VG og fyrrverandi fjármálaráðherra, í samtali við Markaðinn.

Undanfarna daga hafa menn óttast að Grikkland stefndi í greiðsluþrot vegna 1,5 milljarða evra (222 milljarða króna) afborgunar af láni sem ríkissjóður landsins þarf að greiða á þriðjudag í næstu viku. Gríska ríkið, með stjórnarflokkinn Syriza í broddi fylkingar, hefur hingað til neitað að gera umbætur í ríkisfjármálum sem myndi leiða til þess að hægt væri að ná samkomulagi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Seðlabanka Evrópu og Evrópusambandið um afborganir af skuldum ríkisins. En eftir tillögur sem grísk stjórnvöld lögðu fram á mánudag er útlit fyrir að ríkissjóði verði bjargað frá þroti á elleftu stundu. Flestir virðast þó sammála um að þar yrði um að ræða bráðabirgðalausn. Vandinn vofi enn yfir til lengri tíma litið.

Steingrímur segir eðlilegt að spyrja sig af hverju menn horfðust ekki í augu við vanda Grikklands strax í byrjun. „Þá hefði kannski mátt afstýra miklum þjáningum ef menn hefðu horft raunsæjar á þennan vanda fyrir fimm eða sex árum síðan,“ segir Steingrímur. Það sé erfitt og þjáningarfullt

þegar ríki situr fast í klemmu sem þessari árum saman. „Það er það sem maður skynjar þegar maður kemur á þessi Miðjarðarhafs-svæði, þar sem þessir erfiðleikar eru búnir að vera langvinnastir og það er ekkert almennilega farið að rofa til. Það á ekkert bara við um Grikkland heldur að sumu leyti gildir það sama um Spán og Portúgal,“ segir Steingrímur. Þar sé stríðið við erfiðleikana ofboðslega langvinnt. „Þegar menn eru ekki að sjá neinn bata í atvinnuástandinu eða á félagslegum aðstæðum þá verður þetta svo hryllilega erfitt,“ segir Steingrímur.

Forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, Jean-Claude Juncker, telur að grísk stjórnvöld hafi stigið stórt skref í rétta átt með tillögnum á mánudag. Hann telur nú að lausn fái fyrir lok vikunnar. „Það er einfaldlega þannig að við neyðumst til þess að finna lausn á vanda Grikklands,“ sagði Juncker á stuttum blaðamannafundi eftir að leiðtogar Evrópusambandsríkja hittust í Brussel á mánudaginn. „Við getum ekki sóað tímanum lengur,“ bætti Juncker við, samkvæmt frásögn Reuters-fréttastofunnar. Hinn pólski Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, hefur einnig hrósað tillögu Grikkja frá því á mánudaginn. Hann telur að lausn fái til málins í þessari viku.

Fjármálaráðherrar hittast í dag

Fjármálaráðherrar evruríkjanna munu hittast í Brussel seinni partinn í dag til þess að reyna að ná sameiginlegri afstöðu vegna

„Það er það sem maður skynjar þegar maður kemur á þessi Miðjarðarhafs-svæði.“



Grikklands. Náist samkomulag verður það borið undir leiðtogafund Evrópusambandsríkja sem haldinn verður á morgun.

Tillögur Grikkja frá því á mánudag fela í sér að virðisaukaskattur verði hækkaður, að eftirlaunaaldur verði hækkaður og að hæstu greiðslur til eftirlaunaþega verði skertar. Á móti kemur að Grikkland vill fá afskrifaðan hluta af skuldum sínum sem nema nú um 180 prósentum af þjóðarframleiðslu. Reuters-fréttastofan hafði hins vegar eftir Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, að ekkert hefði verið rætt um að afskrifa skuldir. Hún vonast aftur á móti til þess að árangur náist á fundi fjármálaráðherranna í dag og leiðtogar Evrópusambandsríkja geti unnið með þá tillögu á morgun.

Samkvæmt tillögu sem Grikkir lögðu fram á mánudaginn áforma þeir aðgerðir til að bæta stöðu ríkisfjármála um 7,9 milljarða evra á ársgrundvelli. Það

„Það er ekkert fordæmi fyrir því að ríki hrekist úr evrusamstarfinu, hvað þá Evrópusambandinu.“



samsvarar um 1.170 milljörðum íslenskra króna.

Þær breytingar sem mestur styr hefur staðið um eru breytingar á söluskattskerfinu. Á vef Telegraph segir að kröfuhafar Grikkja vilji að tekið verði upp tveggja þrepa söluskattskerfi í stað þriggja þrepa kerfis sem er uppi núna. Veitingastaðir geta búið við því að söluskattur á þjónustu og vörur þeirra verði hækkaður úr 13 prósentum í 23 prósent. Syriza-flokkurinn, sem leiðir gríska ríkisstjórnina, hefur heitið því að ekki verði hækkaður skattur á lyf og rafmagn, en sex prósent skattur er nú lagður á lyf og 13 prósent á rafmagn.

Ríkisstjórnin í Grikklandi býst nú við því að söluskattshækkanir muni auka tekjur ríkissjóðs um 1,36 milljarða evra (rúma 200 milljarða króna) á næsta ári. Sérstakur skattur verður lagður á fyrirtæki sem skila yfir 500 þúsund evrum (74 milljónum króna) í hagnað á ári og tekjuskattar

„Ég upplifi það frekar þannig að ríkið hafi stjórn á því hvernig það ætli að skera niður.“



fyrirtækja verða hækkaðir úr 26 prósentum í 29 prósent.

Stjórn Syriza-flokksins hefur staðið fast gegn því að hreyft yrði við lífeyrisgreiðslum, eða þær skertar. Kröfuhafar hafa krafist þess að greiðslur verði skertar um eitt prósent í ár, eða um 1,8 milljarða evra (260 milljarða króna). Stjórnvöld neita því en hafa lagt til að greiðslur verði skertar um 0,04 prósent eða einungis 73 milljónir evra. Breska blaðið Telegraph segir að tillögurnar frá því á mánudaginn feli aftur á móti í sér grundvallarbreytingar á afstöðu til lífeyrissjóðakerfisins. Stjórnvöld hyggist hækka eftirlaunaaldur og stefna að því að hann verði kominn upp í 67 ára aldur árið 2025. Umdeildar viðbótarlífeyrisgreiðslur verða einnig afnumdar í skrefum frá árinu 2018.

Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikkja, hefur aftur á móti lagt mikla áherslu á að eftirlauna- greiðslur muni ekki lækka að nafnvirði. Slíkar breytingar kæmu

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



Hjólaferðir
Hjólreiðar eru val-
kostur sem margir
eru farnir að
velja sér í
heimsborg-
unum.
SÍÐA 4



Draumur rætist
Hulda Geirsdóttir,
dagskrágerðar-
maður á Rás tvö,
fór ásamt vinum
á tónleika með
hjómsveitinni Kiss.
SÍÐA 2



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél **12 kg** þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin **amerísk** tæki.

<Þvottvélin tekur
heitt og kalt vatn

Afkastamikill
þurrkari >



RAFVÖRUR

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



HEIMA HJÁ SKÁLDINU Gerður Kristný rithöfundur er hér fyrir utan Nes þar sem Astrid Lindgren ólst upp.

ÆVINTÝRI LÍKAST

SKÁLDLEG VERÖLD Sjötíu ár eru frá því fyrsta bókin um Línu Langsokk kom út. Þess er minnst í sumar í ævintýragarði Astridar Lindgren. Þeir sem eru á ferðalagi um Svíþjóð ættu að kíkja í þessa skemmtilegu veröld.

Hver vill ekki heilsa upp á Línu Langsokk eða Emil í Kattholti? Persónur Astridar Lindgren vakna til lífsins í garðinum sem er í Vimmerby í Smálöndunum. Á næsta ári verður garðurinn stækkaður til muna og sögunni Bróðir minn Ljónshjarta verða gerð góð skil. Garðurinn verður stækkaður um 10 þúsund fermetra og meðal annars sett upp nýtt leikhús þar sem 800 manns geta setið.

Gerður Kristný rithöfundur fór ásamt eiginmanni sínum, Kristjáni B. Jónassyni, og tveimur sonum, Hjalta og Skírni, þá 4 og 7 ára, í Astridar Lindgren-garðinn fyrir þremur árum. „Vinkona mín mælti með að við gístum eina nótt í garðinum sem við gerðum. Við leigðum smáhýsi þar sem aðeins var pláss fyrir kójur og vask og gátum því varið tveimur dögum í garðinum,“ segir Gerður.

„Garðurinn er trúr sögum Astridar og við innganginn er skúlptúr sem sýnir risastóra bók. Þetta hófst júst allt saman með því að kona settist niður og skrifaði bók. Skemmtunin felst ekki í risastórum hávaðasömum leiktækjum, eins og svo oft í skemmtigörðum, heldur ganga

gestir inn í hvern heiminn úr verkum höfundarins á fætur öðrum. Hægt er að laumast niður í leynigöng í Kirsuberjadalnum og sigla á báti um slóðir Skottu, Palla og Batsmanns úr Á Saltkráku. Síðan er boðið upp á skemmtileg leikrit sem byggjast á þekktustu bókunum. Til dæmis horfðum við á leiksýningar um Ronju ræningjadóttur, Kalla á þakinu og Línu Langsokk.

Það var ákaflega spennandi að ganga í gegnum Matthíasarskóg og sjá augu grádverga og skógarnorna glitra úti í þokslungnu myrkrunu. Skemmtigarðurinn er við bæinn Vimmerby þar sem Astrid gekk í skóla og starfaði síðar sem blaðamaður. Þar er að finna áhugavert safn um líf hennar og verk sem mér fannst óskaplega gaman skoða. Síðan fór ég líka að Nesi, húsinu sem hún ólst upp í en það er enn í eigu fjölskyldu hennar,“ segir Gerður og bendir á að garðurinn henti fólki á öllum aldri. „Allir sem hafa gaman af sögum Astridar ættu aldeilis að njóta þess að heimsækja Astrid Lindgren-heiminn og heilsa upp á uppáhalds-sögupersónurnar sínar.“

■ elin@365.is



MIKIÐ FJÖR

Bræðurnir Hjalta og Skírni á slóðum Snúðs og Jónatans í Astrid Lindgren-garðinum.
MYNDIR/EINKASAFN

**ÞESSI GÖMLU GÓÐU
Á EINUM STAÐ**

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULL
BYLGJAN

Magnesium Oil

Einfalt í notkun,
engin magaónot!

Kemur í veg fyrir
krampa og harðsperrur

„Eftir æfingar nota ég alltaf Magnesium Sport-spreyið því það hefur hjálpað mér verulega við endurheimt vöðva, lagað þreytuverki og komið í veg fyrir krampa og harðsperrur. Það er alveg ótrúlegt hvað það virkar hratt!“

Halldóra Gyða Matthíasdóttir er útibússtjóri og þríþrautarkona. Nýlega tók hún þátt, fyrst kvenna, í Mt. Esja Ultra og áður hefur hún keppt í Ironman-keppninni bæði í Mexíkó, Frankfurt og Svíþjóð

Inniheldur
olíu úr kamfóru,
sitrónu og svörtum
pipar til að auka
hreinsun í vöðvunum.



Magnesiumolían fæst í flestum apótekum, heilsuþúðum og heilsuhillum verslana.



GÓÐ BLANDA „Nautakjöt og humar eiga einstaklega vel saman, eins og alpekk er,” segir Magnús Ingi, veitingamaður á Texasborgurum. MYND/GVA

HAF OG HAGI Í BRAUÐI

Texasborgarar kynna: Naut og humar sameinast í ljúffengum Texas-humarborgara.

2
FYRIR
1

af Texas-ostborg-
ara með frönsk-
um. Aðeins 1.290
kr. fyrir tvo.
Klipptu miðann
út og taktu hann
með þér. Gildir
til 25.8.2015.
Texasborgarar.is
s: 517-3130

Það má segja að þetta sé hamborgaraút-
gáfan af Hafi og haga,“ segir Magnús
Ingi Magnússon veitingamaður um
Texas-humarborgarann sem Texasborgarar
við Grandagarð bjóða upp á. Verðið kemur á
óvart, aðeins 1.980 kr., en svona er borgarinn
með öllu: Texas-nautaborgari með hvítlaufs-
ristuðum humri og sveppum, borinn fram í
hamborgarabrauði með sérlegaðri hvítlaufs-
sösu, jöklasalatí, rauðlauk og tómötum ásamt
frönskum.
„Nautakjöt og humar eiga einstaklega vel
saman, eins og alpekk er,” segir Magnús Ingi.
„Í Texas-humarborgaranum erum við með 140
grömm af handgerðum úrvalsnautaborgara
og 100 grömm af pilluðum humri.“
Texas-humarborgarinn er annar af aðal-
sumarborgurunum á Texasborgurum. Hinn
er Bernaise-lambborgari. Á vef Texasborgara,
texasborgarar.is, er að finna matseðilinn og
ýmislegt fleira og Facebook-síðan er líflæg.



GÓÐAR MINNINGAR Saumaklúbburinn átti frábæran tíma í París. F.v.: Árni, Páll, Hulda, Jóhann og Heiðar. MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

MÖGNUM UPPLIFUN

TÓNLEIKA FERÐ Hulda Geirsdóttir og félagar hennar í KISS saumaklúbbnum fóru á ógleymanlega tónleika með rokksveitinni KISS í París fyrir í júní.

Hulda Geirsdóttir, dagskrárgerðarmaður á Rás 2, lét langþráðan draum rætast fyrir stuttu þegar hún fór ásamt nokkrum saumaklúbbs-
félögum sínum á tónleika með rokkhljómsveitinni KISS í París. Sjálf er hún búin að vera mikill aðdá-
andi KISS frá því hún var ung stelpa en skráði sig
fyrst í KISS Army-aðdáendaklúbbinn fyrir rúmum
tveimur árum. „Þar kynntist ég öðru fólki sem deilir
sömu ástríðu á KISS og það jafnvel margfalt á við
mig. Margir safna munum, plötum og efni sem teng-
ist sveitinni og eiga veglega KISS-fjársjóði. Þetta er
fólk úr öllum áttum og á ýmsum aldri en KISS hefur
einmitt alltaf höfðað til ótrúlega breiðs hóps.“
KISS er á Evróputúr um þessar mundir og í KISS
Army-hópnum kom upp umræða um að fara í hóp-
ferð á tónleika. „Þá kom í ljós að einhverjir voru
búinir að skipuleggja ferðir á eigin vegum víða um
Evrópu svo ekki náðist í nógu stóran hóp. Við vor-
um því fimm sem stofnuðum KISS saumaklúbbinn
og ákváðum að skella okkur til Parísar. Til að toppa
dæmið kom í ljós að Ace Frehley, fyrrverandi gítar-
leikari KISS, var líka að spila í París með bandinu
sínu svo við bættum þeim tónleikum við. Hægt var
að fá pakka á hvora tveggja tónleikana sem innfólu
í sér að hitta goðin, fá áritanir og myndir og hjá
KISS var líka boðið upp á órafmagnaða tónleika fyrir
um daginn. Fyrir okkur sem erum með bakteríuna á
háu stigi var aldrei spurning um að gera það.“

SÉRSTÖK TILFINNING

Sjálfur tónleikadagurinn var eftirminnilegur. „Við
mættum í höllina um þrjú og skömmu síðar mættu
goðin sjálf og tylltu sér á stóla beint fyrir framan
nefið á okkur og spiluðu nokkur órafmögnuð lög.“
Eftir tónleikana fékk hópurinn að spjalla við með-
limi KISS og þeir árituðu plötur, veggspjöld og fleira
sem fólk hafði með sér. KISS-menn voru að sögn
Huldu mjög alþýðlegir og gáfu sér tíma fyrir spjall.
„Gene var í feikna stuði og alveg til í „selfie“-knús
og Paul var hinn huggulegasti að venju. Þetta var
stórskemmtileg stund en um leið svakalega sérstök
tilfinning. Rétt fyrir stóru tónleikana fengum við
aftur að hitta þá í fullum skrúða og þá fengum við
að vera með þeim á mynd. Það var svo óraunveru-
legt að mér fannst ég varla vera á staðnum.“
Þótt Hulda hafi átt von á flottri sýningu og látum
hafði hún hæfilegar væntingar til spilamennsk-
unnar. „Þetta eru auðvitað menn á sjötugsaldri og
kannski eðlilegt að þeir séu ekki alveg jafn magn-
aðir og um tvítugt. Ég var fyrst og fremst spennt að
sjá eld, sprengjur, ljós og læti og það klikkaði ekk-
ert. Paul flaug, Gene flaug og spýtti blóði, svo voru
pallar sem risu og hnigu og laserljósaýning.“ Tón-
leikarnir voru ekki bara frábær sýning heldur var
sveitin sjálf þrælmögnuð að sögn Huldu, bæði þétt
og kraftmikil. „Þeir þrumuðu sér í gegnum hvern



SKEMMTILEG STUND Hulda tekur „selfie“-knús með Gene Simmons, bassaleikara hljómsveitarinnar KISS.



Í FULLUM SKRÚÐA „Það var svo óraunverulegt að mér fannst
ég varla vera á staðnum,” sagði Hulda Geirsdóttir eftir að hafa
setið fyrir með liðsmönnum KISS.

smellinn á fætur öðrum og á heildina litið var þetta
með mögnuðustu tónleikum sem ég hef nokkurn
tíma séð.“

ENDALAUS ÁHUGI

Þar sem KISS-aðdáendur koma saman myndast allt-
af sérstök stemning. „Margir mættu málaðir og jafn-
vel í búningum og andrúmsloftið var einstakt. Við
ferðafélagarnir deilum þessari ástríðu; að stúdera
lögina og plöturnar í heild sinni, lesa bækur um þá
og sækja tónleika. Sumum finnst ógurlega hallæris-
legt að halda upp á KISS en það fólk veit einfaldlega
ekki hverju það er að missa af. Þegar KISS-aðdá-
endur hittast, hvar sem er í heiminum, finna þeir
þennan sameiginlega þráð og endalausán áhuga á
fyrirbærinu sem KISS er. Ég vil líka endilega benda
KISS-áhugamönnum á Íslandi, sem leynast víða og
halda að þeir séu einir um þessa delli, að finna
KISS Army Iceland á Facebook og slást í hópinn.“

■ starri@365.is

Kynntu þér appið
& vertu með!

www.fasteignir.is

Nýtt
kortatímabil!

Það er **SÓL** og **SUMAR** í **ZIKZAK**-
fullt af **FRÁBÆRUM** sumartilboðum!

ZIKZAK
TÍSKUHÚS



BOLUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
st. 42-56



TÚNIKA
ÁÐUR 7.990
NÚ 5.990
st. 42-56



BLÚSSA
ÁÐUR 5.990
NÚ 3.990
st. 42-56



BOLUR
ÁÐUR 3.990
NÚ 1.990
st. S-XL



SKOKKUR
ÁÐUR 4.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL



TOPPUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL



BOLUR
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
st. 42-56



TOPPUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.990
st. S-XXXL

**KÓSÝ
BUXUR**
ÁÐUR 6.990
NÚ 3.990
st. S-XXXL



BUXUR
ÁÐUR 11.990
NÚ 5.990
st. 34-44



BUXUR
ÁÐUR 11.990
NÚ 3.990
st. 34-44



BUXUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 2.490
st. 36-48



**KÓSÝ
BUXUR**
ÁÐUR 10.990
NÚ 3.990
st. S-XL

Nýr nefúði við ofnæmi

Glinor

Fyrir fullorðna og börn, 4 ára og eldri.

Fyrirbyggir og meðhöndlar einkenni ofnæmisbólgu í nefi:

- ✓ **Hnerri**
- ✓ **Nefrennsli**
- ✓ **Kláði í nefi**
- ✓ **Nefstífla**

LYFIS **ratiopharm**



án lyfseðils á góðu verði

Notkunarsvið: Glinor nefúði inniheldur natriumcromoglicat og er ætlaður við ofnæmisbólgu í nefi. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir natriumcromoglicati, benzalkonklóríði eða einhverju hjálparefnum. **Varið:** Innihaldsefnið benzalkonklóríð getur valdið ertingu í húð. **Meðganga og brjóstgjöf:** Engin skaðleg áhrif á fóstur hafa komið fram við notkun natriumcromoglicats. Engu að síður skal forðast notkun á fyrsta þriðjungi meðgöngu og einungis skal nota lyfið á seinni stigum meðgöngu ef þörf er á. Natriumcromoglicat skilst í litlu magni út í brjóstamjólk. Þessi útskilnaður er sennilega skaðlaus en einungis skal nota lyfið hjá meðrum með barn á brjósti ef þörf er á. **Skömmtnun:** Fullorðnir og börn, 4 ára og eldri: Einn úðaskammtur í hvora nös tvisvar til fjórum sinnum á dag. **Algengustu aukaverkanir:** Erting í nefslímhuð getur komið fram í upphafi meðferðar en þessi áhrif eru skaðlaus og tímabundin. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Júlí 2014.



Í GÓÐRA VINA HÓPI Gult hjól er oft merki um glaðan ferðalang.

Á HJÓLI UM HEIMSBORGIR

HJÓLREIÐAR Góður valkostur ferðafólks í æ fleiri heimsborgum.

Flestir borgarferðalangar nýta sér almenningssamgöngur enda eru þær bæði ódýr og þægilegur ferðamáti og auk þess ekki endilega farsælast að vera með bíl til umráða inni í borg þar sem drjúgur tími ferðalagsins gæti þá farið í að velta fyrir sér akstursleiðum, umferðarreglum og umferðarmenningu auk þess sem stórborgir eiga það almennt sameiginlegt að þar er erfitt að finna bílastæði. Margir kjósa að ganga sem mest en þar sem þær bjóðast verða neðanjarðarlestir oft fyrir valinu, enda gjarnan bæði aðgengilegur og vel kortlagður ferðamáti þar sem auðvelt er að finna bestu leiðina milli staða eftir skýrum kennileitum. Gallinn við að nýta sér neðanjarðarlestir er hins vegar sá að þá er hætt við að ferðalangurinn missi af tilfinningunni fyrir borginni sjálfri, þar sem hann upplifir hana sem samansafn eyja kringum neðanjarðarlestarstöðvar frekar en sem eina heild. Af þessum sökum velja sumir strætisvagna sem borgarferðamáta því í strætó getur ferðamaðurinn séð borgina frá góðu sjónarhorni (einkum þar sem tveggja hæða strætisvagnar tíðkast) og uppgötvað að staðir sem í neðanjarðarlestarkerfinu virka alls ótengdir eru kannski bara spölkorn hver frá öðrum ofanjarðar. Gallinn við strætisvagninn er hins vegar sá að það tekur hann kannski óratíma að fara þangað sem ferðinni er heitið. Strætisvagninn er enn fremur bundinn af borgarumferðinni sem getur verið á alla lund og langur tími í umferðaröngþveiti er kannski ekki draumafríð.

Hjólreiðar hafa rutt sér til rúms í æ fleiri stórborgum, bæði hjá íbúum en ekki síður í ferðamennsku, enda hefur það mjög marga kosti að ferðast um borg á hjóli. Hjólandi er hægt að njóta súrefnis og útsýnis ekki síður en fótgangandi en hjól fer hraðar yfir svo hægt er að víkka ríðisinn út fyrir gönguhraða. Í mörgum stórborgum er boðið upp á hjól til leigu til skamms eða lengri tíma auk skipulagðra hjóla-skoðunarferða. Amsterdam og Kaupmannahöfn eru dæmi um borgir þar sem hjólreiðar eru samgrónar lífi borgarbúa og þar er hluti gatnakerfisins lagður undir hjólreiðafólk. Í London tengjast hjólaleigur mest stóru glæsigörðunum en þar eru hjólaleigur við stærstu garðinnanga og hægt að taka hjól á einum stað og skila á öðrum. Yfirleitt er verðinu stillt mjög í hóf og sem dæmi má nefna að í London er fyrsti hálf tíminn ókeypis og næsti sólarhringur kostar



HJÓLAÐ Á TORGI Kaupmannahafnarbúar taka hjólreiðaferðamönnum fagnandi enda rík hefið fyrir hjólreiðum þar í borg.



KÍKT Á KORT Það er skemmtilegt að kynnast stórborg á hjóli. Hjólreiðar hafa rutt sér til rúms í æ fleiri stórborgum, bæði hjá íbúum en ekki síður í ferðamennsku enda hefur það mjög marga kosti að ferðast um borg á hjóli.

aðeins tvö pund eða um 450 krónur. Í flestum borgum er nú einnig boðið upp á skipulagðar skoðunarferðir á hjóli, sem eru sums staðar í boði borgaryfirvalda eins og til dæmis í Berlín. Þá er yfirleitt miðað við ýmist háls- eða heils dagsferðir og helstu staðir í miðborgum kannaðir. Hjólin sem notuð eru í slíkum ferðum eru almennt frekar þægileg, auðstillanleg með breiðum dekkjum og fáum girum. Hvorki er farið hratt yfir né hjólað glæfralega í umferð svo það er á flestra færi að njóta þess að hjóla um heimsborgirnar.

Leiðarvísir Frutin®

Fæða sem getur valdið **brjóstsviða**



Kaffi
Kaffi, gos, te, íste, annar vökv eða matur sem inniheldur koffein ætti að varast því það getur valdið brjóstsviða. Hér skiptir máli að passa skammtastærðirnar og huga að koffeinmagninu sem innbyrt er.



Alkóhól
Vín, bjór eða eftirlætis kokteillinn þinn geta valdið brjóstsviða, sérstaklega þegar neytt er með stórrí máltíð. Alkóhól slakar á hringvöðva vélindans og því ná magasýrurnar að flæða upp í vélindaði.



Hnetur, ostur, lárpera og djúsi steik
Eiga það sameiginlegt að vera feitur matur. Fita hægir á tæmingu magans sem getur aukið þrýsting á hringvöðva vélindans og valdið brjóstsviða.



Súkkulaði
Auðvitað, það getur verið hlaðið koffeini og fitu, en súkkulaði getur líka valdið brjóstsviða. Súkkulaði slakar nefnilega á hringvöðva vélindans þannig að það eykur líkur á brjóstsviða. Spurning um að pakka bara saman öllu súkkulaðinu sem þú átt og gefa það.



Sítrusávextir
Appelsínur, greipaldin og ávaxta-safar eru mjög súrir, sérstaklega þegar neytt er á tóman maga.



Frutin® getur í alvörunni hjálpað þér að neyta þessarar dásamlegu fæðu án þess að eiga á hættu að fá óþægindi eftir máltíðina.



Frutin eru náttúrulegar tyggitöflur sem eru framleiddar af einkavarinni aðferð við að nýta trefjar sem gera það að verkum að þegar þær eru tyggðar myndast róandi, froðu-kennt lag í efri hluta magans. Þi leið er því bæði náttúruleg og snjöll til að berjast við hækkingu

sýrustig í maganum án þess að nota lyfseðilsskyld lyf. Takið 1-2 töflur eftir þörfum. Barnshafandi konur geta notað Frutin. Börn undir 12 ára mega ekki nota Frutin. Inniheldur eingöngu náttúruleg efni ss. Dolomita kalk og piparmyntu.

Frutin fæst í næsta apóteki, heilsuverslunum og einnig í heilsuhillum stórmarkaðanna.


IceCare
Þín heilsa



Sumarsprengja!

20% afsláttur af öllum fatnaði og skóm!

Miðvikudag 24.6. frá kl. 10-18
Fimmtudag 25.6. frá kl. 10-18



FLEIRI MYNDIR Á FACEBOOK!

hjá **Crafnhildi**

 Vertu vinur okkar á Facebook

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is

BÍLAR & FARARTÆKI

Bíla & FerðavagnaMarkaður



Chevrolet K3500 4x4 árg 2008 bensín eyðsla 18-20 l fjallabíll með öllu hátt og lágt drif, loftpúðar, rafstöð, tv, cd, wc, sturta, markísa, svefnaðstaða fyrir 4 tilbúin í veiðina. Verð 7.5 millj raðn.122045 er á plani.



Tabbert Davinci 460 árg 2014 með tveimur rúmum, hentugt fyrir slyddujeppa, v. 4480 þús skipti á óð,raðn.121957 vantar hjólhýsi og húsbíla á svæðið, vaxandi sala.



Holiday camp tjaldvagn á loftpúðum vel með farinn vagn verð 480 þús raðn.122027 vantar vagna á planið

Ferðavagnamarkaður
Breiðhöfði, 110 Reykjavík
Sími: 659 2452
Sérhæfum okkur í ferðavögnum.
www.ferdavagnamarkadur.is



KRÓKUR
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

Krókur
Sími: 522 4600
http://www.krokur.net

STÓRA BÍLASALAN



Hyundai i30 Comfort - Nýr bíll. Árgerð 2014. Dísel. Sjálfskiptur. Hiti í sætum. Loftkæling o.fl.. Er á staðnum. Verð 3.690.000kr. Raðnr 134846. Sjá nánar á www.stora.is.



M.Benz SLK 200 Kompressor Árgerð 2007. Sjálfsk. Ekinn 57þ.km. 100% viðhald. Lítur mjög vel út. Er á staðnum. Verð 3.990.000kr. Raðnr 156738. Sjá nánar á www.stora.is.



VW Passat 2.0 TDi Comfort Árgerð 11/2007. Ekinn 91þ.km. Sjálfsk. Dísel. Gott eintak. Er á staðnum. Verð 2.090.000kr. Raðnr 134813. Sjá nánar á www.stora.is.

Óskum eftir bílum á staðinn.

Mikil sala.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
http://www.stora.is

ASKJA NOTADIR BÍLAR



KIA Sorento. Árgerð 2006, ekinn 160 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 1.990.000. Rnr.990848. Verð nú kr: 1.690.000,-



MERCEDES-BENZ GLA 200 CDI 4matic. Árgerð 2014, ekinn 15 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.590.000. Rnr.991378.



HONDA Accord. Árgerð 2013, ekinn 30 þ.KM, bensín, 6 girar. Verð 3.390.000. Rnr.161391.



AUDI A4 avant. Árgerð 2013, ekinn 34 þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.210580.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

SUZUKI



ALLT AÐ MILLJÓN KRÓNA AFSLÁTTUR Á NYJUM SÝNINGARHJÓLUM. Ýmsar gerðir til t.d GSX 1250, GSX-R750, VZR1800, VZ800 og fl. EKKI MISSA AF PESSU!

SUZUKI UMBOÐIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is

BÍLAHÖLLIN

S: 567-4949



Honda CR-V Lifestyle 12/2011 ek.63þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Ásett verð 4.390.000.- Rnr.151116



Jeep Grand Cherokee Laredo 4x4 10/2007 ek.117þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. TILBOÐSVERÐ 1.990.000.- Rnr.287490

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is

Bílar til sölu



LandCruiser 120 LX árg. ,05 ek. 117 þús. km „35 breyttur, 7m, sóllúga, loftd. og m.f. mjög gott eintak 2 eig. Ásett verð 4.490 þús. Engin skipti. Uppl. s 6953521



AVENSIS SJÁLFSKIPTUR 2008 TILBOÐ 1.290.Þ

Toyota Avensis Sol árg 2008 ek. 254.þ km sjálfskiptur, dráttarbeisli, topp þjónusta, nýjar felgur og nýleg heilsársdekk. ásett verð 1.590.þ fæst á 1.290.þ 100% lánamöguleiki. síma 896-5290



SSK 2012 MICRA GOTT VERÐ !!!

2012 Nissan Micra sjálfskiptur 5 dyra ek 97.þ km ásett verð aðeins 1.490.þ tilboð óskast 100% lánamöguleiki. uppl. í 896-5290



OFURTILBOÐ 1.790.Þ STG

Infiniti FX 35 2004 einn með öllu topp viðhald ek. 168.þ km ásett 2.690.þ fæst á 1.790.þ stgr. eða tilboð. möguleiki á 1.m á vísa raðgr. aðeins bein sala. sími 896-5290

250-499 þús.



KEYRÐUR 135 ÞÚS - TILBOÐ 490 ÞÚS

VW BORA 2003 ek.135 þús, sk.16, nýtt í bremsum, ný tímareim, ásett verð 590 þús TILBOÐ 490 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

Bílar óskast

Óska eftir bíl á bilinu 30-500þ. Ekki eldri en ,00. Má þarfnast viðgerðar. S. 866 0784.

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.

Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

0-600 STAÐGREITT
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólksbíll. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507

KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

Sendibílar



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Fellihýsi

Notaðir ferðavagnar á
www.vikurverk.is



VÍKUR
V • E • R • K
Vikurhvarf 6 • 203 Kópavogur
Sími 557 7720 • vikurverk.is



Fleetwood Resolute 10" árg 2004 vel með farið vatnshitari, miðstöð ísskápur, tenging fyrir 220V Verð: 900.000 þús. Upp. í s. 8922100

40.000

fréttapýrstir notendur

FBL

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Download on the App Store

Download from Windows Store

Google play

Fáðu Fréttablaðið ókeypis í spjaldtölvuna og snjallsímann með Fréttablaðsappinu.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Vinnuvélar



Hitachi ZX30U-2
Ágerð 2007 - 1.314 klst
Hraðengi + 3 skóflur
3.750.000 án vsk.



Caterpillar D5H LGP
Ágerð 1996 - 11.632 klst
60% undirvagn
5.950.000 án vsk.



Scania G420
Ágerð 2012 - 231.000 km
13.900.000 án vsk.



Volvo FH16 700 6x2
Ágerð 2010 - 522.075 km
11.450.000 án vsk.



Komatsu D61PX
Ágerð 2008 - 1.922 klst
16.500.000 án vsk.



JÖRUNN
Sími 480 0444 - www.vinnuvelar.is
beldur@jorunn.is - Gsm 893 3348
Miðbraun 2 - 210 Garðabær

Bátar



MARÁS
TOHATSU
UTANBORÐSMÓTORAR



JAPANSK GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalittir Hljóðlátir

Kraftmiklir Sparneytnir 2,5-140 hð

Miðbraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is

Viðgerðir

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

Bílapjónusta



B.S. VERKTAKAR

Malbiksviðgerðir - málun bílastæða - vélsöpun - skilti www.verktak.is S: 5514000



VAKA



FELGUR

Nýjar og notaðar felgur í miklu úrvali. VAKA S:567 6700.


JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA

Erum að rífa flestar teg. frá asú og evrópu árg. ,99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Ópið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

Hjólbarðar



VAKA



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

PIJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR


Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 663 5315.

ÁRATUGA REYNSLA

Tökum að okkur almennt viðhald og breytingar. Pípulagningapjónustan Ró ehf. s. 780 3939

Hreingerningar



Hreingerningapjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

VY-PRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

REGNBOGALITIR

Málningarpjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

MÁLNINGARPIJÓNUSTA REYKJAVÍKUR

Alhliða málningarpjónusta. Fáðu frá ástandsskoðun og verðtilboð. Sími 778-0100

Garðyrkja



GARDLIST
554 1988



SMÁVÉLAVIDGERÐIR & UTANBORÐSMÓTORAR
Viðgerðir Skemmsvegur 34 Brin gata



SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Véilverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., þanfófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald



VANTAR PIG IÐNAÐARMANN?




IÐNAÐARMENN

Við þjónustum þig með litil sem stór verk. Tímavinna eða tilboð. Sími 544-4444 / 777-3600 www.jaiðnaðarmenn.is



PARKET OG SÓLPALLASLÍPUN

Nú er rétti tíminn fyrir parketslípun, sólpallaslípun og flisalagnir ásamt almennu viðhaldi á fasteigninni þinni. Vönduð vinna og gott verð.




ÆGISVERK
Hafðu samband: 699-3045 thorsteinnae@gmail.com

Nudd

NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Spádómar



KÆRLEIKS-LJÓSID
Spámiðill Tarot lesur og kristallkúla

Vna 566 7311 emm
Tímáspantímar í síma 8694650

661 3839 - SÍMASPÁ

Ópið frá kl. 14 alla daga.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com



Barnaheill
Save the Children's Island

VSSÍR þú átt...
börn eiga rétt á þægum smelli

KEYPT & SELT

Til sölu



Sálmaskrár



SÁMSKIPTI
prentlausanir fyrir skapandi fólk

Nú getur þú útbúið sálmaskrá á heimasíðu okkar www.samskipti.is eða látið okkur gera hana fyrir þig. S: 5807820 eða sendu fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is
Ópið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf. Óseyrarbraut 2 Hf. Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122.

HEILSA

Nudd

TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2014, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smíðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
gsm 777 1313
leiga@leiguherbergi.is

TIL LEIGU AÐEINS Á AÐEINS 950 KR FM!

129 - 280 fm bíl með allt að 10 m lofthæð, stórar innkeryrsluhurðir, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma. www.lundurfasteignir.is

S. 690 3031 / 661 7000

Atvinnuhúsnæði

AUÐBREKKA - VERSLUNARRÝMI

Til leigu 400 fermetra verslunarrými á jarðhæð við Auðbrekku. Innkeyrsludyr. Uppl. í s. 897 9743

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

SUMARTILBOÐ

GEYMSLULAUSNIR.IS

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

ATVINNA

Atvinna í boði

SNYRTISTOFA Á BESTA STAÐ Í BÆNUM,

er með laust herbergi fyrir snyrtifræðing, nuddara eða eitthvað sambærilegt. Erum einnig með laust fyrir naglafræðing

Upplýsingar í email deluxe@deluxe.is

RÚTUBÍLSTJÓRI ÓSKAST.

Mest í hálendisferðir. Uppl. í s. 893 4246

Help needed on Restaurant, CV send on magnusingi@gmail.com

Atvinna óskast

VANTAR PIG SMÍÐI, MÚRARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar.


Proventus starfsmannapjónusta

- Proventus.is S. 782-8800

TILKYNNINGAR

Einkamál

Rauða Torgið



Rauða Torgið

Sönn tilbreyting • Heilt ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922

Símadómur • live spjall
908-6000 • 535-9999

MAKALEIT.

Kynntu þér nýjan mögulleika. Makaleit.eu.



REIKNAÐU DÆMIÐ á 365.is

FÆRÐU FJARSKIPTIN YFIR TIL 365 OG FÁÐU VANDAÐ SJÓNVARPSEFNI Á FÁRÁNLEGA GÓÐU VERÐI

365.is | Sími 1817

fasteignir

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
 ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
 Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
 Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Bergstaðastræti 36

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

OPIÐ HÚS

Glæsileg 181,9 fm. 8 herbergja hæð og kjallari á þessum eftirsóttastað við Bergstaðastrætið. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð undanfarnar ár m.a. eldhús. Allar lagnir hússins voru endurnýjaðar 1980. Hús var málað að utan 2013. Möguleiki er að hafa séríbúð í kjallara en þar er séringangur. Rúmgóðar vestur svalir út úr eldhúsi. Gróinn fallegur garður sem er afgirtur. **Verð 64,9 millj. Verið velkomin.**

TRAUSTI
fasteignasala

Kristján Baldursson hdl.
Löggiltur fasteignasali og leigumíðlari

BÓLSTAÐARHLÍÐ 9, 2.HÆÐ OG RISÍBÚÐ

OPIÐ HÚS

Stærð: 192.4 fm. Verð: 75.5 m.

OPIÐ HÚS MIÐVIKUD. 24. JÚNÍ KL. 18:00-18:30

- TVÆR EIGNIR SEM SELJAST SAMAN
- Glæsilega séreign á 2. hæð og risíbúð með sér inngangi
- Góð eign með möguleika á útleigu.

Nánari upplýsingar veitir Kristján Baldursson hdl. og lögg. fast. í s: 867-3040 eða á kristjan@trausti.is

Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík

Kaupstaður
FASTEIGNA

Einar Harðarsson
Lögg. fasteignasali

Sautjándajúnitorg 7, bjalla 414

OPIÐ HÚS

Glæsileg útsýnisíbúð.

Opið hús í dag miðvikudaginn 24. júní frá kl. 17:00 - 17:30.

Penthouse íbúð fyrir 50 ára og eldri með glæsilegu útsýni í Sjálandshverfi Garðabæjar. 3ja-4ja herbergja íbúð (144 fm) á 4 hæð í lyftuhúsnæði. **Verð: 57 millj.**

Nánari upplýsingar í síma:
Einar í síma: 662-5599 eða Guðrún í síma: 663-2725

Gerplustræti 27
3-4ra herbergja íbúð

Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Glæsileg íbúð að stærð 113,3 fm
Sérinngangur af svölum
Lyftuhús
Glæsilegt eldhús með eyju
Rúmgóðar og bjartar stofur
Stæði í bílageymslu/tvö aukastæði fyrir þvotta-aðstöðu **Verð: 35,5 millj.**

Jason Guðmundsson
hdl. og löggiltur fasteignasali

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Lág múla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Suðurlágar 14
3-4ra herbergja

Nánari upplýsingar veitir
Jórunn Skúladóttir
sölufulltrúi
sími: 845 8958
jorunn@miklaborg.is

Falleg íbúð að stærð 91,0
Í dag þrjú svefnherbergi
Endurnýjað eldhús og baðherb. að hluta
Dýrahald samþykkt
Góð staðsetning innan hverfis

Óskar R. Harðarson
hdl. og löggiltur fasteignasali

Verð: 26,9 millj.

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Lág múla 4 **www.miklaborg.is**
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

40.000

FBL fréttapýrstir notendur

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

Download on the App Store | Download from Windows Store | Google play

FRÉTTABLAÐIÐ

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is

Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

**STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.**

harðast niður á þeim fátækustu. Steingrímur bendir á að rétturinn til töku eftirlauna hafi verið mjög lágur í Grikklandi og það hafi legið fyrir í nokkurn tíma að þeir gætu ekki haldið honum úti til langs tíma. „Ef ég veit rétt þá er þeirra eftirlaunakerfi algjörlega ófjármagnað. Þetta er nú kannski eitthvað sem er pólitískt erfitt en eitthvað sem flestir höfðu reiknað með að myndi gerast fyrr eða síðar,“ segir Steingrímur. Steingrímur segist þó skilja fréttir frá Grikklandi þannig að verið sé að leggja þungann af aðgerðunum á tekjuhlöðina og reynt að verja velferðarkerfið.

Engin varanleg lausn

Gylfi Magnússon, fyrrverandi viðskiptaráðherra og dósent í hagfræði við Háskóla Íslands, bendir á að þó að Grikklandi verði bjargað frá greiðsluþroti um þessi mánaðamót hafi engar varanlegar lausnir fundist á þeirra málum og ólíklegt að efnahagsástandið muni batna í Grikklandi á næstunni. „En menn kaupa tíma og það er svo sem ekki hægt annað en að vona að það dugi, því að ef að efnahagslífið á Grikklandi hjarnar eitthvað aðeins við mun það mjög hratt skila betri afkomu ríkissjóðs og þar með létta af þessari spennu sem er á þeim,“ segir Gylfi. Þetta sé væntanlega það sem menn voni því efnahagsástandið sé skelfilegt á svæðinu, með miklum samdrætti í landsframleiðslu og auknu atvinnuleysi.

Gylfi segir að Grikkland vegi ekki þungt í efnahagsstarfsemiinni í Evrópusambandinu og brott-hvarf af evrusvæðinu myndi ekki vegna þungt efnahagslega. Hins



LEIÐTOGAR BERA SAMAN BÆKUR SÍNAR Vel fór á með þeim Angelu Merkel, kanslara Þýskalands, og Francois Hollande þegar þau komu saman til fundar á mánudag. Báðum er þeim umhugað um að samstarf Evrópusambandsins gangi sem best. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

vegar gæti það vegið þungt sálrænt og pólitískt. „Vegna þess að það er ekkert fordæmi fyrir því að ríki hrekist út úr evrusamstarfinu og hvað þá Evrópusambandinu. Þannig að ef það gerðist þá væri það reiðarslag fyrir Evrópusambandið og afar slæmt fordæmi, því þá myndu menn óhjákvæmlega gera ráð fyrir því að eitthvað slíkt myndi gerast aftur. Og það

myndi bjóða upp á svipaða stöðu einhvern tímann á næstu misserum í Portúgal eða á Spáni eða jafnvel Ítalíu,“ segir Gylfi.

Parf að sannfæra samflokksmenn

Bandaríska stórblaðið Wall Street Journal benti á það í gær að jafnvel þótt grísk stjórnvöld næðu samkomulagi við Evrópusambandið, Seðlabanka Evrópu og

Alþjóðagjaldeyrissjóðinn þá ætti Tsipras, leiðtogi Syriza, eftir að sannfæra sína eigin flokksmenn líka. Vassilis Chatzilamprou, áhrifamikill lögfræðingur yst á vinstri væng flokksins, lagðist þannig gegn hvers kyns tilraunum til þess að veikja félagslega kerfið í Grikklandi. „Við getum ekki sætt okkur við þungar niðurskurðaraðgerðir,“ sagði

Chatzilamprou á málþingi á sunnudaginn. „Fólk hefur fengið nóg,“ bætti hann við. Wall Street Journal segir að Syriza sé ekki hefðbundinn stjórnmalaflokkur heldur bandalag vinstrisinnaðra hópa með ólíkar áherslur. Eiríkur Bergmann Einarsson, prófessor og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst, segir að Syriza sé popúlístaflokkur. Vandinn við slíka flokka sé að stefnuskrá þeirra og hugmyndafræðilegur grunnur sé ekki skýr. „En vandi Grikkja er auðvitað sá að ríkið var búið að semja um alls kyns skilyrði og greiðslur og svo gerist það að stjórnmalaflokkur býður sig fram sem er andvígur öllum þessum skilyrðum. Hann vinnur kosningarnar og þarf að endursemja um eitthvað sem ríkið hefur þegar undirgengist,“ segir Eiríkur Bergmann. Syriza hreinlega geti ekki staðið við öll sín kosningaloforð. Eiríkur segir að það sé misskilningur að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu og Evrópusambandið leggi línurnar varðandi efnahagslega stefnumörkun heima fyrir. „Ég upplifi það ekki þannig. Ég upplifi það frekar þannig að ríkið hafi stjórn á því hvernig það ætli að skera niður,“ segir Eiríkur. Ríkið geti fengið ráðleggingar eins og það kjósi en það geti líka komið með sínar eigin áætlanir. „Og það er það sem Syriza gerði, allavega að hluta til, í gær,“ segir Eiríkur. Hann bætir við að Grikkir þurfi að vera raunsærri í sínum ríkisfjármálum. Þeir hafi hingað til viljað halda úti gegndarlausum ríkisútgjöldum, sem sumpart séu mjög rífleg, og um leið halda áfram gegndarlausri lántöku.

SOFÐU RÓTT Í ALLA NÓTT

Inniheldur aðeins náttúrulegar jurtir td. Sítrónu Melissu og Chamomillu ásamt blöndu B vítamína og magnesíum.



„Laus við fótaóeirð og sef mun betur“

-Sigríður Helgadóttir



Þrífst best með því að sprikla í byrjun dags

Edda Hermannsdóttir hefur tekið við starfi samskiptastjóra Íslandsbanka. Hún var áður aðstoðarritstjóri Viðskiptablaðsins. Helstu áhugamál Eddu eru hreyfing og samvera með börnunum.

Edda Hermannsdóttir hefur tekið við starfi samskiptastjóra Íslandsbanka. Hún mun bera ábyrgð á samskiptum og upplýsingagjöf bankans til fjölmiðla sem og samfélagsstefnu bankans. Hún hefur hagfræðipróf frá Háskóla Íslands. Edda situr að auki í stjórn Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Hún hóf störf þann 18. júní.

Edda segir að það hafi ekki verið mjög langur aðdragandi að ráðningu hennar. „Þetta gerist allt frekar fljótt. Og í rauninni hafði ég aldrei hugsað mér að starfa í banka. Þar hefur verið unnið gott starf og greinilega gott teymi. Síðan finnst mér Birna auðvitað vera öflugur leiðtogi,“ segir Edda. Hún segir að uppbyggingin síðustu ár hafi gengið vel og það sé áberandi hversu mikil áhersla sé lögð á þessi mál, samskipta- og samfélagsmál.

„En það var erfitt að yfirgefa Viðskiptablaðið enda bý ég yfir mikilli reynslu eftir þrjú ár þar með góðu fólki.“ Edda hefur fengist við ýmis störf að undanfögnu. Auk þess að gegna stöðu

aðstoðarritstjóra á Viðskiptablaðinu hefur hún verið spyrill í Gettu betur hjá Ríkisútvarpinu. Þá hefur hún kennt leikfimi í World Class á Seltjarnarnesi í sex ár, alltaf klukkan sex á morgnana, og hyggst gera það áfram. „Ég þrífst hvort eð er ekkert öðruvísi en að sprikla í byrjun dags,“ segir hún.

Edda segist vera spennt að taka þátt í líflegu starfi innan bankans þar sem hlaupahópar séu allsráðandi um þessar mundir fyrir Reykjavíkurmaraþonið. Edda stefnir á að taka þátt í Reykjavíkurmaraþoni Íslandsbanka í sumar ef tækifæri gefst, eins og hún hefur gert nokkrum sinnum. Í þetta sinn stefnir hún á hálfmaraþon.

„Ég er tvisvar búin að hlaupa hálfmaraþon og svo hef ég nokkrum sinnum farið tíu. Ég gerði þau mistök í fyrra hálfmaraþoninu að drekka og borða lítið og koma orkulaus í mark. Í seinna hlaupinu var ég reynslunni ríkari og var síborðandi banana og súkkulaði alla leiðina enda kom ég í mark á frekar slökum tíma,“ segir Edda hlæjandi. Edda segir að hreyfing

Par hefur verið unnið gott starf og greinilega gott teymi. Síðan finnst mér Birna auðvitað vera öflugur leiðtogi.

af hvers kyns tagi sé aðaláhugamálið sitt ásamt ferðalögum.

„Í sumar stefni ég á að fara með einni bestu vinkonu minni í sólina í Barcelona með börnunum okkar. Mamma slæst síðan með í för hluta úr ferðinni svo þetta verður ekki amaleg stelpuferð. Síðan er bara áhugamálið að vera með vinum og börnunum. Þau eru auðvitað helsta áhugamálið og ná að halda mér við efnið alla daga enda skemmtilegasta fólk sem ég hef kynnst,“ segir Edda, en hún á tvö börn, Emilíu sem er sjö ára og Sigga sem er fjögurra ára.

jonhakon@frettabladid.is



TIL ÍSLANDBANKA Edda Hermannsdóttir var aðstoðarritstjóri Viðskiptablaðsins áður en hún hóf störf hjá Íslandsbanka. FRÉTTABLAÐID/GVA

MEÐ TRYLLINGSLEGA GOTT HÁR



Edda á það til að djöfla manni út allan daginn, inn og út, láta mann hlaupa og borða kökur og tala við fólk (af öllum hlutum). Þetta er svo sem ágætt fyrir dauðfylli eins og mig svo ég get ekki kvartað yfir því að fá að kalla þessa dýrd sem hún Edda er vinkonu mína. Síðan er hún alveg fátánlega fyndin. Það fyndnasta við hana er að hún segist ekki vera fyndin. Hvað er fyndnara en það? Ég get ekki nefnt

neina galla nema kannski þá staðreynd að hún man allt og talar dálítið mikið. En það böggar mig samt ekkert, þannig lagað. Var ég búin að segja hvað hún er fátánlega sæt og með tryllingslega gott há?

Lára Björg Björnsdóttir, ráðgjafi hjá KOM almannatengsl og rithöfundur.



Snemma kom í ljós hjá Eddu minni bæði dugnaður og áráðni. Um tveggja ára aldur var hún farin að passa upp á stóra bróður, enda veitti ekki af, fannst henni Síðan þá hafa tekið við ögrandi verkefni, hvert á fætur öðru og hún er dugleg að fara út fyrir þægindarammann. Hún komst snemma upp á lag með að afla sér tekna. Tíu ára gömul var hún farin að vinna sér inn laun við barnapössun. Edda er gleðigjafi, góður vinur og góð dóttir, hugsar vel um þá sem standa henni næst. Mætti stundum hægja þínu á sér, hefur ætíð mörg járn í eldinum.

Emilía Jóhannsdóttir, sölumaður fasteigna og móðir Eddu.



STÓRHUGA Ásdís Rósa Þórðardóttir og Júlía Helgadóttir hyggjast markaðssetja verslunina erlendis á komandi mánuðum. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Ásdís Rósa og Júlía hafa sett á fót vefverslun með handverk:

Markaðstorg fyrir íslenska hönnun

Svilkonurnar Ásdís Rósa Þórðardóttir og Júlía Helgadóttir opnuðu þann 1. júní síðastliðinn sölutorgið Kisinn.is á netinu og stefna að því að opna milliríkjaverslun í nóvember næstkomandi.

„Þælingin er að reyna að fá þarna inn einyrkja og fyrirtæki, bæði atvinnufólk og áhugafólk og þarna ægi saman sprenglærðum hönnuðum og svo fönðrandi ömmum,“ segir Ásdís Rósa Þórðardóttir. Markmiðið sé að upphefja vegsemd íslenskrar hönnunar. Vefinn kalla þær Ásdís og Júlía Kisann og eru þær þessa dagana að fá til liðs við sig framleiðendur sem hafa hug á að selja vörur sínar á netinu. „Og við teljum að þá komi einhver sjarmerandi og séríslensk blanda sem við ætlum að markaðssetja,“ segir Ásdís. Vörurnar verði markaðssettar um allan heim.

Þær Ásdís Rósa og Júlía hafa farið víða að undanfögnu til þess

að kynna Kisann, í Reykjavík og Akureyri. Ásdís segir að þær hafi til að mynda eftir fremsta megni heimsótt allar fönðurbúðir og garnbúðir sem þær hafi komist í tæri við og haft uppi á handverksfólki þar sem það hefur komið saman til að kynna því Kisann. Ásdís segir að þær muni halda þessu verkefni áfram í sumar. „Og leggjum þá land undir fót á húsbílum, með fjölskyldurnar okkar, og ætlum að þefa uppi allt handverk sem um getur á leiðinni,“ segir hún.

Kisinn mun rukka framleiðendur um 100 krónur fyrir að setja myndir af hverri vörutegund, en rukka að auki 12,5 prósent álag á hverja vöru fyrir sig. Ásdís segir að hver framleiðandi muni sjá um að selja sína vöru. „Sá sem opnar búðina þarf að ákveða verðið og verðið þarf að ná yfir sendingarkostnað og skatt og fleira,“ segir hún.

- jhh

Velta Norðursiglingar jókst um 30 prósent

Velta Norðursiglingar jókst um 29 prósent á síðasta ári. Um 150 starfsmenn vinna hjá fyrirtækinu í sumar. Tekjur íslenskra ferðaskipuleggjenda námu 3,2 milljörðum í maí og tvöfaldast á milli ára.

Heildarvelta hvalaskoðunarfyrirtækisins Norðursiglingar nam 496 milljónum króna á síðasta ári samanborið við 384 milljónir króna árið áður. Þetta kemur fram í samandregnum ársreikningi félagsins, sem nýlega var birtur í fyrirtækjaskrá.

Í ársreikningnum kemur fram að gert sé ráð fyrir að reksturinn í ár verði með svipuðu móti og undanfarin ár. Guðbjartur Ellert Jónsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að sumarið hafi farið vel af stað. „Við erum með átta báta í heildina, fjórar skútur og fjóra eikarbáta,“ segir Guðbjartur. Hann segir að öll skipin séu í hvalaskoðun við Húsavík, nema hvað eitt sé í rannsóknarverkefni með vísindamenn frá St. Andrews-háskóla við Jan Mayen og annað sé í viðhaldsverkefni.

„Það er verið að skipta út vélbúnaði þar fyrir rafbúnað og verður tilkynnt á seinni stigum hvernig það fer,“ segir Guðbjartur. Upp úr miðjum júlí fari svo tvær skútur til Grænlands. „Við höfum verið undanfarin ár með vikusiglingar í stærsta fjarðakerfi heims,“ segir Guðbjartur. „Þetta er búið að vera undanfarin þrjú ár. Við byrjuðum með tilraunasiglingar og það hefur tekist vel. Á skútunum komast menn í snertingu við hljóðleysið og þögnina, ásamt því að vera í þessari dýrðarperlu yfir besta tímann í Grænlandi,“ segir Guðbjartur.

Á föstudaginn birti Rannsóknarsetur verslunarinnar tölur yfir greiðslukortaveltu erlendra ferðamanna í maí. Þar kemur fram að



Á HÚSAVÍK Hvalaskoðun skipir verulegu máli fyrir atvinnulífið á Húsavík. FRÉTTABLAÐID/GVA

hvalaskoðun, jöklaferðir og náttúraskoðunarferðir verða sífellt vinsælli meðal þeirra fjölmörgu erlendu ferðamanna sem hingað koma. Þeir 91 þúsund erlendu ferðamenn sem komu til landsins í maí síðastliðnum greiddu íslenskum ferðaskipuleggjendum alls 3,2 milljarða króna með greiðslukortum og jókst velta í þessari tegund ferðabjónustu um 92 prósent frá maí í fyrra.

Í dag eru fjögur hvalaskoðunarfyrirtæki starfandi á Húsavík og er Norðursigling stærst þeirra. Guðbjartur segir að hvalaskoð-

un sé orðin ein af stærri stöðunum í atvinnulífi á Húsavík. „Það er gríðarlegur fjöldi sem starfar við þetta yfir sumartímann,“ segir hann og bætir við að gert sé ráð fyrir að um 150 starfsmenn muni starfa hjá Norðursiglingu í heild í sumar. Það fólk starfar á skipunum, á tveimur veitingastöðum sem reknir eru með hvalaskoðuninni og í slippnum. Starfsfólkið kemur víða að úr heiminum. „Það er sérhæft í að sigla á seglskútum og við erum að fá ungt fólk í þetta með okkur.“

jonhakon@frettabladid.is

Afmælistónleikar

19. september 2015

MAGGI EIRÍKS 70 ára

Reyndu aftur

Braggablús

Elska þig

Vegurinn heim

Samferða

Ó, þú

Magnús Eiríksson fagnar sjötíu ára
afmæli sínu með stórtónleikum
í Eldborg, þann 19. september.
Dregnir verða fram gimsteinar,
konfektmolar og blúsaðar perlur
úr óviðjafnanlegu lagasafni Magnúsar
sem fyrir löngu er samofið þjóðarsál
Íslendinga. Nýir og gamlir vinir líta
við s.s. KK, Ellen Kristjánsdóttir,
Valdimar Guðmundsson,
Pálmi Gunnarsson o.fl.
Hljómsveit ásamt
strengjasveit leikur
undir stjórn Þóris
Úlfarssonar.
Ómissandi tónleikar
fyrir ómissandi fólk.

Aukatónleikar

Kl. 21 – Uppselt

Kl. 17 – Aukatónleikar

Miðasala hafin á aukatónleika: harpa.is | 528 5050 | tix.is



HARPA

DÆGURFLUGAN

Ofsagleði vegna samkomulags við kröfuhafa vekur ugg:

Hræggammar brosa út í annað

Hvers vegna eru stærstu kröfuhafar slitabúa föllnu bankanna svona ánægðir með samkomulagið um stöðugleikaframlagið? Er það vegna þess að íslenska ríkið samdi af sér?

Lögfræðingar segja stundum að bestu samningarnir séu þegar báðir aðilar ganga jafn fúlir frá borði. Í þessu er ákveðinn sannleikur. En sú ofsagleði sem einkennt hefur umræðu um samkomulag við kröfuhafa föllnu bankanna vekur hjá manni ugg. Af hverju eru þeir svona ánægðir? Og hvers vegna eru stjórn og stjórnarandstaða sammála um að þessir samningar séu svona góðir? Getur það verið vegna þess að stjórnarandstaðan skynjaði að umræðan um þetta samkomulag var frá fyrsta degi jákvæð og stjórnarmálamenn eru upp til hópa óruggir menn sem hræðast fátt meira en almenningssálitið?

Sérfræðingar í framkvæmdastjórn um afnám gjaldeyris-hafta áætla að stöðugleikaframlagið svokallaða, þ.e. peningarnir sem slitabúin borga svo þau fái ekki á sig stöðugleika-skattinn, skili 450 milljörðum króna. Hvernig var þessi fjárhæð fundin út? Jú, þetta eru þeir peningar sem seðlabanka-stjóri kallaði mengun á efnahagsreikningi þjóðarbúsins á fundi efnahags- og viðskiptanefndar. Þetta eru íslenskar krónur sem sitja fastar inni í kerfinu og aldrei var hægt að skipta í gjaldeyri. Ef stóru bankarnir þrír og stjórnendur þeirra ollu tjóni á íslensku samfélagi, hvað er eðlilegt endurgjald fyrir það tjón? Ljóst er að þeir peningar sem slitabúin munu greiða með stöðugleikaframlagi dekkja ekki heildartjón ríkisins af bankahruninu sem er eitthvað um 1.100 milljarðar króna þegar allt hefur verið tekið saman. Þá hefur ekki verið tekið með í reikninginn það tjón sem íslensk heimili urðu fyrir vegna óráðsiunnar í íslensku bankakerfi, tjón vegna peningamarkaðssjóða o.s.frv. Það hefði hæglega verið hægt að skattleggja þessi slitabú með stöðugleikaskatti upp á 2.000 milljarða króna með force majeure-rökum sem hefði verið hægt að láta reyna á fyrir dómstólum. Óvissan við slíka skattlagningu er að hún hefði sennilega ekki komist í gegnum nálarauga meðalhófsins.

Margir halda að af því að viljayfirlýsingar stærstu kröfuhafa föllnu bankanna liggja fyrir þá sé þetta fast í hendi, peningarnir sem slitabúin borga. Þetta er mikill misskilningur. Restin af kröfuhöfunum á eftir að samþykkja skilyrðin. Þá á eftir að ganga frá nauðasamningum. Ekki er útilokað að kröfuhafar Glitnis, þýskir bankar sem hafa haldist inni og ekki selt kröfur sínar, hafni samkomulaginu og láti reyna á lögmæti stöðugleikaskattsins fyrir dómstólum. Þá mun taka 5-7 ár að lyfta gjaldeyrishöftum þegar „menguninni“ í efnahagsreikningi þjóðarbúsins hefur verið varanlega eytt. Þá er ekki víst að afnám gjaldeyrishafta skipti nokkru máli fyrir venjulegt fólk í millistétt sem hyggur ekki á fasteignakaup á Spáni eða millifærslur í gjaldeyri enda finnur það ekkert fyrir höftum þar sem vöru- og þjónustuviðskipti eru undanþegin. Ég tel raunar að stjórnvöld ofmeti mjög skaðann sem fylgir höftunum og þau vita í reynd ekki hver skaðinn er því hann hefur aldrei verið reiknaður út.

Það getur verið að viljayfirlýsingar stærstu kröfuhafa slitabúa föllnu bankanna, um að þeir borgi stöðugleikaframlag, sé betri leið en að fara í hart við þá. Lærdómur sögunnar mun veita svör við því. En við skulum ekki halda að þetta samkomulag sé einhver happdrættisvinningur fyrir íslenska ríkið og þar með íslenska skattgreiðendur. Því fer fjarri.

Mótmælendur handteknir í Tyrklandi



HANDTEKIN Það voru engin vettlingatök höfð þegar tyrkneskir lögreglumenn handtóku mótmælendur fyrir framan menntamálaráðuneytið í Ankara á mánudaginn. Nemendur mótmæltu flóknu prófakerfi. NORDICPHOTOS/AFP

Leið okkar til langlífis og offitu



Skoðun
Ötmar Snædal
hagfræðingur hjá SA

Það liggur óþefur yfir landinu þessa dagana. Hann smýgur milli þilja og ónáðar saklaust fólk á heimilum sínum, ekki síst á nóttunni. Eins og fólk hefur örugglega getið sér til stafar fnykurinn af orðræðunni gegn kapitalismanum. Það virðist nefnilega svo að margir hafi að undanfögnu snúist gegn frjálsum markaðsbúskap eða í það minnsta að andstæðingar hafi fundið skoðunum sínum frjóan jarðveg. Brjálæðislegt? Vissulega, en fréttatímar, pistlaskrif og ræðuhöld í miðbænum hafa heldur styrkt þá skoðun að undanfögnu að frjáls markaður sé ekki lengur móðins, eins og hann var nú kúl fyrir hrún.

Þetta er varhugaverð þróun í ljósi þess að ekkert hefur reynst eins vel og frjáls markaður í að bæta kjör fjöldans. Hrunið íslenska hefur engu um það breytt. Við erum ríkari en við upphaf aldarinnar, kaupmáttur er meiri og við lifum lengur þrátt fyrir velmegunarspikið. Klassískt er að benda á að hvergi hafa þeir fátækustu það betra en í löndum þar sem frelsi er mikið í viðskiptum en einnig má líta til þeirrar lygilegu þróunar

sem orðið hefur frá iðnbyltingu, upphafi alþjóðlegs markaðshagkerfis og kapitalisma. Á þeim 200 árum sem frá eru liðin hefur mannkynið sjöfaldast að stærð á sama tíma og lífskjör hafa rakið upp. Offitan hefur tekið við af næringarskortinum og langlífi af barnadauda.

Það má færa sterk rök fyrir því að hér sé slegið vindhögg, auðvitað er andstaða við iðnbyltingu 18. aldar hverfandi hér á landi. Margt ber þó að sama brunni. Síðastliðnir áratugir eru af sumum taldir misheppnuð frjálsbyggjutilraun, sem aukin hafi öjöfnuð og komið illa við okkar fátækustu meðbræður og systur. Erfitt er þó að setta það sjónarmið við framfarirnar sem við okkur blasa. Auðvitað eru snjallsímar, töfrasprotar og sushi-staðir á Akureyri mikil framför en það sem stendur upp úr eru þær milljónir jarðarbúa sem hafa brotist úr fátækt á síðustu 40 árum. Hlutfall jarðarbúa sem lifa á minna en 1½ dollara á dag (á föstu verðlagi) hefur fallið úr um 30% árið 1980 niður í um 5% nú. Það samsvarar því að tæplega 2 milljarðar manna hafi sloppið úr allra sárustu fátækt. Vöxtur fátækari þjóða hefur valdið því að ójafnaðarstuðullinn, GINI, fyrir mannkynið í heild hefur verið á niðurleið síðastliðin 40 ár.

Minnkun fátæktar hefur verið nokkuð almenn í heiminum á þess-

um tíma og þó að á hverjum stað hafi hún sín sérkenni þá er eitt sammerkt í flestum ríkjum. Fátækt er nánast spegilmynd af hagvexti. Þar sem við höfum hagvöxt, höfum við minnkandi fátækt. Efnahagslegur uppgangur hvers ríkis er því von fátæka mannsins og hver réttisyn manneskja fagnar því þegar fyrirtæki færa framleiðslu sína til fátækari ríkja.

